

**SKOÐUN** Steinunn Ólína kveðst hafa verið metin óhæf til að taka að sér kött. 13



**MENNING** Systurnar Kristín Eik og Katrín Ösp Gústafsdætur ritstýra nýrri matreiðslubók Disney. 26



**SPORT** Katrín Jónsdóttir var valin í fyrsta hóp Freys og fær því kveðjuleik á Laugardalsvellinum 22




FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
18. september 2013
219. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

## FRÉTTIR



**Skemmtiferðaskip blæs af leið** Áætlun farþegaskipa hefur raskast vegna mikils hvassviðris við Ísland síðustu daga. 6

**Öryggi sjúklinga ógnað** Læknar segja álag á læknakandídata í Landspítalanum enn að aukast og þjónustuna skerðast. 4

**Átján prósentum lægri** Laun hjá ríkinu eru 18 prósentum lægri en hjá félagsmönnum VR í sambærilegum störfum. 8

**Ostur til spillis** Farga varð tugum kílóa af svissneskum Gruyère-osti sem MS ætlaði að flytja inn en reyndist of ungur. 9




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 5° | NNV | 3 |
| Akureyri | 3° | NNV | 4 |
| Egilsstaðir | 5° | NV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 9° | NNV | 5 |
| Reykjavík | 6° | N | 4 |

**Bjart** eða bjart með köflum sunnan til en skýjað og lítilsháttar úrkoma norðanlands. Fremur hægur vindur víðast hvar og hiti á bilinu 0 til 10 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Stöð 2 | Fólk




# Varðskipið Þór aðeins á sjó í 80 daga á árinu

Kostnaður við flug Landhelgisgæslunnar bitnar á siglingum varðskipsins Þórs. Formaður Sjómannasambands Íslands segir fjölda úthaldsdaga Þórs óásættanlegan.

**ÖRYGGISMÁL** Varðskipið Þór hefur einungis verið á sjó í 80 daga af þeim 260 sem liðnir eru af árinu. Árið 2012 var varðskipið samtals 125 daga á sjó en skipið var ekki í rekstri í þrjá mánuði það ár vegna vélaskipta í Noregi.

Varðskipinu er ætlað að sinna stærri björgunarverkefnum og viðbúnaði sem minni og eldri skipin Ægir, Týr og Baldur ráða ekki við. Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, segir þennan fjölda úthaldsdaga Þórs vera óásættanlegan.

„Við hjá Sjómannasambandi Íslands höfum hingað til lagt höfuðáherslu á að þyrlusveit gæslunnar sé með fjármagn til að sinna öryggismálum en hins vegar er óásættanlegt að vera með dýrt og gott skip og gera það ekki út,“ segir Sævar.

Í svörum Landhelgisgæslunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins um rekstur varðskipsins segir að kostnaður við flugdeild gæslunnar hafi farið vaxandi undanfarin ár vegna fleiri útkalla. Sú fjölgun hafi kallað á endurskipulagningu allra rekstrareininga gæslunnar með tilliti til fjárheimilda stofnunarinnar. Af þeim sökum hafi þurft að draga úr siglingum varðskipsins.

Varðskipið Þór kom til landsins í október 2011. Kostnaðurinn við smíði skipsins nam á þeim tíma um 30 milljónum evra, eða um 4,8 milljörðum króna að núvirði. **- hg, shá**

**180** Varðskipið Þór hefur legið við bryggju í 180 daga það sem af er ári.



**HÍFANDI ROK** Ferðamenn hafa ekki farið varhluta af óveðrinu sem hefur gengið yfir landið síðustu daga. Margir hafa lent í kröppum dansi og skemmdir orðið víða. Þetta par lét óveðrið ekki á sig fá og stilltu upp fyrir mynd við Sæbrautina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HOLTSBÚÐ 87** Nunnurnar farnar en húsið er enn í eigu klausturreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Bæjarsjóður Garðabæjar:

## Vill kaupa hús St. Jósefssystra

**SVEITARSTJÓRNIR** Samþykkt hefur verið í bæjarráði Garðabæjar að kaupa húseign St. Jósefssystra að Holtsbúð 87. Um er að ræða tæplega 2.300 fermetra byggingu sem skilgreind er sem hjúkrunarheimili.

Að því er fram kom í bæjarráði bauðst bænum að kaupa húsið á 200 milljónir króna sem greiðast eiga á tíu árum án vaxta en með verðtryggingu. Viðskiptin ganga í gegn þegar núverandi húsaleigusamningur við hjúkrunar- og heimaþjónustufyrirtækið Sinnum ehf. rennur út í mars 2014. **- gar**

Skýrsla um heimilisofbeldi:

## Fleiri gerendur leita sér hjálpar

**SAMFÉLAGSMÁL** Sífellt fleiri karlar sem beita heimilisofbeldi leita sér nú aðstoðar. Alls sóttu 55 karlmenn sér aðstoð á síðasta ári. Það er metfjöldi. Andrés Ragnarsson sálfræðingur segir árangurstölur vera jákvæðar og fjölda þeirra sem leita sér aðstoðar hafa aukist um 10 til 15 prósent á síðustu þremur árum.

Spurður hvort það sé til merkis um aukningu heimilisofbeldis segir Andrés það ómögulegt að segja.

„Enda er þessi fjöldi ekki nema örlítið brot af ísjakanum,“ segir Andrés.

Að sögn Andrésar er algengast að gerendur séu á aldursbilinu 25 til 45 ára. Andrés bendir á að það séu ekki eingöngu karlmenn sem beiti ástvini sína ofbeldi. Hann áréttar að hjálp sé í boði fyrir þá sem vilja sækja hana. **- gv /** sjá síðu 10




Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina ætlar að skila af sér í nóvember:

## Sparisjóðaskýrslan frestast enn

**ALÞINGI** Rannsóknarnefnd Alþingis um sparisjóðina mun ekki skila skýrslu sinni fyrr en um mánaðamótin nóvember-desember. Þetta kom fram á fundi formanns nefndarinnar, Hrannars Más S. Hafberg, með forsætisnefnd þingsins í síðustu viku.

„Það er ljóst að verkefnið hefur verið töluvert viðurhlutameira en gert var ráð fyrir í upphafi,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, í samtali við Fréttablaðið.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem skýrsluskilin eru tímasett. Það hefur raunar verið gert ítrekað og að sama skapi hafa skilin frestast ítrekað. Nefndin var skipuð í lok ágúst 2011 og upphaflega var áætlað að verkið tæki níu mánuði. Í nóvemberlok verða hins vegar 27 mánuðir frá skipun hennar.

Einar segir að nú sé farið að hilla undir lok verksins og því hafi hann trú á því að tímasetningin sem hann fékk uppgefna á fundinum í síðustu viku muni geta staðist. **- sh**






## SPURNING DAGSINS



Ertu að toppa þig?

**„Ég hætti aldrei fyrr en ég kemst á toppinn.“**

Þorsteinn Jakobsson stefnir á að ganga á hvert einasta bæjarfjall á landinu, auk þess sem hann skrifar bók um íslensk bæjarfjöll. Ágóðinn rennur svo til krabbameinssjúkra.

Ólga innan fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna vegna tillögu um leiðtogakjör í Reykjavík:

# Vilja að allir sjálfstæðismenn fái að kjósa

**STJÓRNMÁL** Mikil ólga er innan Varðar, fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. Hópur innan stjórnar ráðsins er ósáttur við þá hugmynd að leiðtogaprófkjör verði haldið fyrir komandi borgarstjórnarkosningarnar.

„Það er langsigurstranglegast ef allir sjálfstæðismenn koma að gerð listans og við munum leggja fram tillögu þess efnis að það verði haldin almenn prófkjör þar sem allir sjálfstæðismenn fá að kjósa,“ segir Ingvar Smári Birgisson, formaður Heimdallar. Fulltrúar Hvatar, félags sjálfstæðiskvenna, og hverfafélagsins í miðbæ og vesturbæ eru einnig ósáttir við að fara þessa nýju leið.

Vörður fékk í gær álit miðstjórnar flokksins um hvort skipulagsreglur hans heimili blandaða leið, það er að leiðtogi verði kosinn, fulltrúaráðið raði svo í nokkur næstu sæti og uppstillingarnefnd raði svo afganginum. Miðstjórn telur að reglurnar girði ekki fyrir þessa leið.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir ekki ástæðu til að taka fram fyrir hendurnar á fulltrúaráðinu. Hanna Birna Kristjánsdóttir varaformaður segir ákvörðunina vera fulltrúaráðsins. „En mín skoðun er sú að alltaf sé best að hleypa sem flestum að svona ákvörðunum, hafa þetta eins lýðræðislegt og opið og mögulegt er,“ sagði Hanna Birna.

Málið verður rætt á félagsfundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík á morgun. **- hv, ebg**



**MIÐSTJÓRNARFUNDUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS** Miðstjórn telur að skipulagsreglur heimili blandaða leið við uppröðun á lista. FRÉTTABLAÐIÐ/ VILHELM



**ALÞINGI Í GÆR** Birgitta Jónsdóttir, þingflokksformaður Pírata, sagðist vera tilbúin að vinna á hverjum einasta degi til 1. október til að tryggja að hægt væri að breyta frumvarpinu til að vernda friðhelgi einkalífsins. PJETUR SIGURÐSSON

Stjórnarandstaðan vill vernda friðhelgi einkalífsins:

# Hagstofufrumvarpið samþykkt

**ALÞINGI Frumvarp ríkisstjórnarinnar um Hagstofu Íslands var samþykkt sem lög frá Alþingi í gær með 33 atkvæðum stjórnarþingmanna gegn 13 atkvæðum stjórnarandstöðunnar. Fimm stjórnarandstöðuþingmenn sátu hjá.**

**Með lögunum fær Hagstofan víðtækar heimildir til að afla gagna um öll lán, lánaferla og ástæður lántöku allra lögráða Íslendinga hjá öllum lánastofnunum landsins.**

**Stjórnarandstaðan lýsti sig reiðubúna til að móta aðrar tillögur sem ekki gengju gegn friðhelgi einkalífsins, eins og hún telur að nýju lögin geri, en Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra þvertók fyrir það og sagði andstöðu stjórnarandstöðunnar byggða á því að vera á móti öllu sem ný ríkisstjórn legði til.** - hmp, ebg




**LJÓSASKILTI** Vegagerðin vill ná betur til ferðamanna.

Vegagerðin breytir til:

# Skilti á ensku

**UMFERÐ Vegagerðin hefur ákveðið að gera breytingar á ljósaskiltum Vegagerðarinnar. Breytingin er með þeim hætti að í stað þess að það standi „ÓFÆRT“ þegar slíkar aðstæður koma upp mun standa enski textinn „CLOSED“. Í tilkynningu frá Vegagerðinni kemur fram að þessi breyting sé gerð til þess að ná betur til erlendra ferðamanna.** - ebg

Handleggsbrotnaði á Hressó:

# Krefur dyravörð um eina milljón

**DÓMSMÁL** Hálffertugur maður hefur verið ákærður fyrir að hafa, í starfi sínu sem dyravörður á Hressingarskálanum í Reykjavík, slasað tæplega þrítuga konu sem hann hafði afskipti af í desember 2011.

Í ákæru segir að maðurinn hafi tekið um úlnlið konunnar og snúið upp á hann með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á hægri upphandlegg. Þetta er talið varða við lagaákvæði um líkamsmeiðingar af gáleysi.

Konan krefst rúmlega milljónar í skaða- og miskabætur. - sh

# „Við héldum að við myndum deyja“

Frönsku ferðamennirnir sem var bjargað við illan leik nærri Skaftafelli um helgina óttuðust um líf sitt. Þeir skárust þegar steinar mölbrutu hliðarrúður bílaleigubíls sem þeir voru í. Þeir þurfa að leita sér læknisaðstoðar vegna augnmeiðsla.

**VEÐUR** „Við vorum komin nálægt Skaftafelli þegar vindurinn ágerðist töluvert,“ segir franski ferðamaðurinn Marie Storm sem var á ferð með kærasta sínum á þjóðvegi 1 í Öræfum í óveðrinu á sunnudaginn. Vindur var gríðarlega sterkur, en þar voru 30 til 40 metrar á sekúndu.

Marie segir að skyggnið hafi verið lítið sem ekkert þegar þau óku áleiðis að hóteli þar sem þau ætluðu að gista. Marie lýsir aðstæðum þannig að sandfok hafi verið orðið svo mikið að skyggnið var ekkert, „þannig að við ákváðum að stöðva bílinn.“

Hún segir að þau hafi beðið í nokkrar mínútur í bílnum. „Skyndilega flaug steinn í gegnum rúðuna sem sprakk beinlínis yfir okkur,“ segir hún.

Hún segir aðstæður þá þegar hafa orðið hryllilegar. Sandur fauk stjórnlaust inn í bílinn auk þess sem þau fengu glerbrot yfir sig og hlutu skurði á höndum í hamaganginum. Þeim var ekki vært í bílnum þannig þau ákváðu að fara út í vegarkant í von um að finna skjól.

„Við sáum ekki neitt og sandur og steinar dundu á okkur,“ segir Marie þegar hún lýsir vistinni í vegarkantinum. „Við gátum ekki einu sinni opnað augun,“ bætir hún við.

Þau hringdu í Neyðarlínuna sem svo hafði samband við björgunarsveitina Kára sem ók um sveitina í brynvörðum bíl með skotheldu gleri – og hafði þá þegar aðstoðað tugi ferðamanna á svæðinu.

Marie segir þau hafa verið í vegarkantinum í um hálftíma áður en björgunarsveitin kom. Biðin þar hafi verið óbærileg. „Þetta var algjör martröð,“ segir hún alvöruþrungin. Það er ljóst af samtalinu við Marie að henni er verulega brugðið. Hún kom ásamt kærasta sínum til Íslands á föstudaginn var og til stóð að ferðast um Suðurlandið í um viku.

„Við erum bara í sjokki,“ segir hún við blaðamann og bætir við: „Við héldum að við myndum deyja.“

Aðspurð um merkingar og viðvaranir segist Marie ekki hafa orðið vör við neitt slíkt. Ekkert benti til þess að vegurinn væri lokaður. „Vegurinn var opinn og við sáum engin skilti,“ segir hún en parið er eitt á ferð um landið.

Þrátt fyrir að hafa komist nokkuð ósködduð frá óveðrinu ætla þau að leita til læknis í vikunni. „Okkur er illt í augunum,“ útskýrir Marie og bætir við að kærasti hennar sé með skurði á höndum eftir hamaganginn.

„Ég veit ekki hvað við gerum núna en fríið er búið að vera gott fyrir utan þetta,“ segir Marie Storm við blaðamann að lokum.

valur@frettabladid.is



**FRANSKA PARIÐ** Marie Storm og kærastinn fengu óvenjulega upplifun á Íslandi.

## Sáu ekki björgunarsveitarmennina

„Þau tóku ekki eftir félaga mínum fyrr en hann kom við þau,“ lýsir Ármann Guðmundsson hjá björgunarsveitinni Kára, sem kom parinu til hjálpar á sunnudaginn. Hann segir að þau hafi legið í vegarkantinum og ríghaldið sér í girðingu sem lá þar. Þau sáu ekkert, enda skyggni lélegt. Björgunarsveitarmaðurinn rétti þeim svo línu svo þau gætu fikrað sig að brynvarða drekanum.




Hæstiréttur fellir úr gildi kyrrsetningu á eigum félags Erlends Magnússonar:

# Sérstökum var skipað að ákæra

**DÓMSMÁL** Sérstakur saksóknari felldi í mars niður mál á hendur Erlendi Magnússyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra hjá Glitni, fyrir innherjasvik. Fjármálaeftirlitið kærði þá ákvörðun til ríkissaksóknara, sem felldi ákvörðun sérstaks saksóknara úr gildi í júní og lagði fyrir hann að gefa út ákæru í málinu.

Þetta kemur fram í dómi sem birtist á vef Hæstaréttar í gær og varðar kyrrsetningu á eigum Erlends.

Sérstakur saksóknari gaf út ákæru á hendur Erlendi og félaginu Fjársjóði ehf., í eigu Erlends og konu hans, í byrjun ágúst. Þar er honum gefið að sök að hafa búið yfir innherjaupplýsingum um slæma lausafjárstöðu Glitnis þegar hann seldi bréf Fjársjóðs í bankanum fyrir tíu milljónir í mars 2008.

Ekki kemur fram í úrskurðinum á hvaða forsendum Fjármálaeftirlitið kærði ákvörðun sérstaks saksóknara síðastliðið vor, sem varð til þess að Ríkissaksóknari gerði embættinu að snúa ákvörðuninni.

Erlendur hefur hins vegar krafist þess að kyrrsetning á sex milljónum króna á reikningi Fjársjóðs ehf. verði felld úr gildi.

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði þeirri beiðni 3. september en í gær sneri Hæstiréttur þeirri niðurstöðu og felldi kyrrsetninguna úr gildi.

Ástæðan er sú að Hæstiréttur telur ekki sannað að sú hætta sé fyrir hendi að fjármununum verði komið undan þannig að ekkert fáist upp í upptökukröfuna, enda eigi félagið eignir upp á 169 milljónir króna og skuldi lítið sem ekkert. - sh



**KREFST FRÁVÍSUNAR** Erlendur krafðist fyrr í mánuðinum frávísunar ákærunnar á hendur honum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Kringlan

AF ÖLLU HJARTA

## SVONA ERUM VIÐ



**981** **bera nafnið Aron sem fyrsta eiginnafn.**

**Aron var vinsælasta eiginnafn nýfæddra drengja á árinu 2012.**

Emilía var vinsælasta stúlkunafnið en 423 bera nafnið sem fyrsta eiginnafn. Bæði nöfnin voru einnig vinsælust árið 2011.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Lögreglan á Hvolsvelli auglýsir eftir lögreglumönnum til starfa í Vík í Mýrdal:

# Vilja konur í laus lögreglustörf

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglustjórinn á Hvolsvelli auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar frá 15. október næstkomandi en stöðurnar sem um ræðir eru með starfsstöð í Vík í Mýrdal.

Innanríkisráðuneytið og embættið á Hvolsvelli standa sameiginlega að kostnaði á bak við stöðurnar en það var niðurstaða fundar sem Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra átti nýlega með embættinu um stöðu löggæslumála á Suðurlandi.

Stöðurnar sem um ræðir eru tímabundnar frá október til 14. janúar 2014 en í ljósi ríkjandi kynjahlutfalls innan lögreglunnar og jafnréttisáætlunar lögreglunnar eru konur sérstaklega hvattar til þess að sækja um.



**SVEINN K. RÚNARSSON**

Sveinn Kristján Rúnarsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á Hvolsvelli, segir mikilvægt að laða konur í störf lögreglunnar á landsbyggðinni eins og annars staðar.

„Það hefur ekki verið mikið um að konur sæki um lausar stöður sem bjóðast hjá embættinu. Við viljum því nota tækifærið til að hvetja áhugasamar konur til að sækja um þessar stöður,“ segir Sveinn Kristján Rúnarsson. **- eh**

Jöfnun samkeppnisaðstöðu:

# 170 milljónir í flutningsstyrki

**FJÁRMÁL** Tæplega 170 milljónir króna fóru í flutningsjöfnunarstyrk á þessu ári að því er segir í frétt atvinnuvegaráðuneytisins.

„Markmiðið er að styðja framleiðsluiðnað og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna kostnað framleiðenda,“ segir í fréttinni. „Fyrirtæki á Norðurlandi eystra fengu mest í sinn hlut, eða rétt tæplega 100 milljónir króna. Vestfirðir komu þar næst með tæplega 40 milljónir.“ **- gar**



**FORRITARI** Kjartan Örn Styrkársson sigraði í forritunarkeppni.

Forritari úr Melaskóla:

# Sigraði í keppni á alþjóðavísu

**TÖLVUR** Kjartan Örn Styrkársson bar sigur úr býtum í alþjóðlegu forritunarkeppninni Kodu Cup Challenge í aldursflokknum 9-12 ára og hlýtur að launum 365 þúsund krónur frá bandaríska tölvufyrirtækinu Microsoft.

Í dag mun forseti Íslands afhenda Kjartani verðlaunin á sal í Melaskóla, þar sem Kjartan er nemandi í sjötta bekk. Yfirskrift keppninnar í ár var „Kraftur æskunnar, sála plánetunnar“. Leikur Kjartans ber heitið Eyðum menguninni þar sem markmið spilarans er að útrýma illri verksmiðju sem mengar andrúmsloftið. **- ebg**

Rekstrartekjur Isavia hækka:

# Níu milljarðar fyrri hluta árs

**VIÐSKIPTI** Afkoma Isavia á fyrri helmingi ársins 2013 var góð og umfram áætlanir félagsins. Rekstrartekjur samstæðunnar Isavia og dótturfélaganna Fríhafnarinnar og Tern Systems námu 8.920 milljónum króna, sem er átta prósenta hækkun frá sama tímabili árið 2012. Stærstan hluta tekjuaukningarinnar má rekja til fjölgunar farþega um Keflavíkurflugvöll, sem var 18,4 prósent Tekjur af flugleiðsöguþjónustu vegna yfirflugs og umferðar til og frá Íslandi jukust um 3,6 prósent frá fyrra ári. **- ebg**

# Álag á læknakandídata að aukast á Landspítalanum

Læknakandídatar á Landspítalanum segja að álag á kandídata á lyflækningasviði hafi verið aukið nýlega. Næturvaktir eru mannaðar með óreyndum læknum. Þeir telja að verulega sé dregið úr gæðum starfsnáms þeirra á sjúkrahúsinu. Álagið leiði til alvarlegra atvika varðandi öryggi sjúklinga sem fái skerta þjónustu.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Álag á læknakandídata á lyflækningasviði hefur verið aukið. Næturvaktir eru nú mannaðar með kandídat og læknanema eða tveimur kandídötum í stað deildarlæknis og kandídats,“ segir Ómar Sigurvin, formaður Félags almennra lækna. Næturvaktir á lyflækningasviði hafa verið mannaðar á þennan hátt frá 1. september.

Ómar segir að þetta þýði að á næturvöktum nú séu reynslulitlir læknar og nemar. Nýútskrifaður læknakandídat hafi ekki sömu reynslu og þekkingu og sérfræðingur. Þetta skapi hættu á að almennir læknar hafi ekki það sem til þarf til að bregðast rétt við þegar alvarleg tilvik koma upp á sviðinu. Tilhugsunin um það valdi miklu álagi á þá sem eru á næturvöktunum.

Í ályktun sem Félag almennra lækna sendi nýlega frá sér segir að mönnun almennra lækna á lyflækningasviði sé óviðunandi og afleiðing óboðlegs álags og bágrar starfsaðstöðu. Þetta auki álag á annað starfsfólk spítalans ásamt því að skerða þjónustu við sjúklinga og ógna öryggi þeirra. Ómar segir að yfirstjórn spítalans hafi brugðist við skorti á sérfræðingum á næturvöktum með því setja þá á bakvakt heima. Þá hafi verið dregið úr innlögnum á næturnar með því að láta sjúklinga dvelja lengur á bráðadeildum.

Læknarnir telja að þetta leiði til alvarlegra atvika er varða öryggi sjúklinga og starfsmanna og hafi varanleg áhrif á lækna sem eru að taka fyrstu skrefin á ferlinum, auk þess sem dragi úr gæðum starfsnáms þeirra.

Í starfsumhverfiskönnun sem gerð var á sjúkrahúsinu fyrr á árinu kom í ljós að starfsánægja almennra lækna er engin. Allir læknakandídatarnir sem tóku þátt í henni eða hundrað prósent telja að vinnuálag sé of mikið eða allt of mikið á LSH. Jafnframt töldu allir að streita væri of mikil eða allt of mikil. Almennir læknar á sjúkrahúsinu telja að það verði að taka mið af þessum niðurstöðum og huga að breytingum á starfsumhverfi lækna.

johanna@frettabladid.is

### ➜ Möguleikar til starfsþróunar auknir

Í yfirlýsingu heilbrigðisráðherra og forstjóra LSH frá því í síðustu viku segir að menntun verði efld með opinberri viðurkenningu heilbrigðis- og menntamálayfirvalda ásamt sérstakri fjárveitingu til verkefnisins næstu fimm árin. Undir forystu framkvæmdastjóra lyflækningasviðs og forseta læknadeildar HÍ verður skipaður starfshópur sem skila skal ráðherra tillögum um hvernig efla skal háskólahlutverk LSH, hvernig nýliðun í lyflækningum verður tryggð og möguleikar til starfsþróunar auknir. Tillögunum á að skila í lok febrúar á næsta ári.



**MIKIÐ ÁLAG** Nýútskrifaðir læknar og læknanemar telja að vinnuálag á lyflækningasviði Landspítalans hafi verið aukið með breyttu vaktafyrirkomulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Nær öllum líður illa

**Í starfsumhverfiskönnun sem gerð var á LSH fyrir skömmu lýstu nær allir almennir læknar óþægindum og vanlíðan sem þeir verða fyrir vegna mikils álags í starfi. Þeir glímdu meðal annars við þunglyndi, kvíða, starfsleiða og svefnerfiðleika auk líkamlegra álagseinkenna.**

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Veikindi | 21% | 18% |
| Andleg vanlíðan, þunglyndi eða kvíði | 53% | 29% |
| Reiði og ósætti | 53% | 12% |
| Starfsleiði | 63% | 24% |
| Minni tryggð við spítalann | 74% | 6% |
| Líkamleg álagseinkenni | 63% | 29% |
| Svefnerfiðleikar | 50% | 6% |
| Langvarandi þreyta | 66% | 53% |
| Ekkert af ofantöldu | 3% | 24% |


Heimssýn
Hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum

## Aðalfundur

**Heimssýn - hreyfing sjálfstæðissinna í Evrópumálum boðar til aðalfundar fimmtudaginn 19. september kl. 20 á Hótel Reykjavík Natura (fyrrum Hótel Loftleiðir).**

Að aðalfundarstörfum loknum verður haldið málþing um makrílveiðar Íslendinga og deilu okkar við Evrópusambandið þeim tengdum.

Frummælendur verða:
Jón Bjarnason, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra
Páll Jóhann Pálsson, alþingismaður

Stjórn Heimssýnar


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



**LOKSINS LÆGIR** á landinu í dag en í morgunsárið má gera ráð fyrir að enn verði strekkingur með ströndum sunnan-, austan- og norðaustanlands.



**Á morgun**
Fremur hægur vindur en vaxandi með S-ströndinni síðdegis.



**Föstudagur**
Fremur hæg suðlæg eða breytileg átt..

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Berlín | 12° | Friedrichshafen | 16° | Las Palmas | 26° | New York | 20° | París | 18° |
| Aþena | 29° | Billund | 16° | Gautaborg | 15° | London | 16° | Orlando | 31° | San Francisco | 21° |
| Basel | 20° | Frankfurt | 16° | Kaupmannahöfn | 15° | Mallorca | 27° | Ósló | 13° | Stokkhólmur | 16° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SAMSUNG

# Er þetta ekki einmitt tækið sem þig hefur dreymt um að eignast?

## 6600 LÍNAN




## 6400 LÍNAN

**6400 LÍNAN:**

| | |
|---|---|
| 40" | = 199.900.- |
| 46" | = 249.900.- |
| 55" | = 379.900.- |
| 65" | = 699.900.- |
| 75" | = 1.290.000.- |

**6600 LÍNAN:**

| | |
|---|---|
| 40" | = 259.900.- |
| 46" | = 299.900.- |
| 55" | = 449.900.- |




# Samsung sjónvörpin eru einstök og í algjörum sérklassa

## Samsung 6000 · LED · 3D · SMART TV



Tvenn 3D gleraugu fylgja.

Clear Motion Rate: 200–600 Hz · Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD · Skjár: Clear · Skerpa: Mega AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja · USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Upptökumöguleiki: Já – tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk · Netvafri: Já · Social TV: Já – horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl. · Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta · Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól · Stærðir: 32", 40", 46", 55", 65", 75"



Örþunnt og fallegt

SAMSUNG SETRIÐ

ORMSSON BT

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

SKEIFAN 11· SÍMI 530 2800 / GLERÁRTORGI · SÍMI 550 4444

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | ORMSSON<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | ORMSSON<br>AKRANESI<br>SÍMI 530 2870 | ORMSSON<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | KS<br>SAUÐÁRKRÓKI<br>455 4500 | ORMSSON<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | ORMSSON<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | ORMSSON<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | ORMSSON<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 | GEISLI<br>VESTMANNAEYJUM<br>SÍMI 481 3333 |

sjá nánar á www.samsungsetrid.is & www.bt.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er áætlað að ferð með svifferju upp á Esju taki langan tíma?
**2.** Hvaða íslenska knattspyrnukona ákvað um helgina að leggja skóna á hilluna?
**3.** Hver hlaut fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á Degi íslenskrar náttúru?

**SVÖR:**
**1.** Fjórar til fimm mínútur. **2.** Edda Garðarsdóttir. **3.** Páll Steingrímsson.

Reikna áhættu af náttúruhamförum, hryðjuverkum og smitsjúkdómum:

# Milljarðasamningur Advania

**VIÐSKIPTI** Advania hefur gert samning við gagnaver Verne Global á Ásbrú um sölu og uppsetningu á svokölluðu tölvuskýi fyrir bandaríska áhættugreiningarfyrirtækið RMS.

RMS sérhæfir sig í greiningu óhefðbundinna áhættuþátta fjármálafyrirtækja eins og náttúruhamfara, smitsjúkdóma og hryðjuverka. RMS hefur um það bil 70 prósenta markaðshlutdeild á heimsvísu á því sviði. Gagnaver Verne Global, sem staðsett er á gamla varnarliðssvæðinu á Ásbrú, mun sjá um hýsingu á tölvuskýinu.

Eyjólfur Magnús Kristinsson, framkvæmdastjóri hjá Advania, segir samninginn hafa mikla þýðingu fyrir gagnaver á Íslandi en Advania hafi lengi barist fyrir slíkum iðnaði hér á landi. „Þessi samningur er um það bil eins og hálfs milljarðs virði fyrir Advania, bara á þessu ári. Við vorum í harðri samkeppni við erlenda aðila um þennan samning. Þetta var því rosalegur sigur fyrir okkur.“ **- eh**




**SAMNINGURINN KYNNTUR** Bobbi Sonni, framkvæmdastjóri tæknilausna RMS, á kynningarfundi í Hörpu.

Reglum ekki fylgt á Ísafirði:

# Stjórnsýsla við skólalóð skoðuð

**SVEITARSTJÓRNIR** „Margt virðist hafa farið úrskeiðis við hönnunar- og framkvæmdaferli nýrrar skólalóðar við Grunnskólann á Ísafirði og ljóst má vera að þar hefur í ýmsu tilliti verið farið á svig við reglur um góða stjórnsýslu,“ segja bæjarfulltrúar Í-listans, sem fengu samþykkta tillögu í bæjarráði um úttekt á hönnun og framkvæmd breytinganna. „Nauðsynlegt er fyrir bæjarstjórn að gera sér grein fyrir hvað fór úrskeiðis,“ segja bæjarfulltrúarnir. **- gar**



**Á FERÐALAGI** Magdalena Hyz, sextán ára, og Natalia Gabinska, fimmtán ára, voru á ferðalagi um Ísland þegar slysið varð.

Fjölskyldur pólsku stúlknanna sem létust í bílslysi í ágúst:

# Segja orð ekki fá lýst þakklætinu

**SAMFÉLAG Fjölskyldur þeirra Nataliu Gabinska og Magdalenu Hyz sem létust í bílslysi á Suðurlandsvegi í ágúst hafa sent frá sér yfirlýsingu. Þar þakka þær kærlega fyrir aðstoðina frá samfélaginu í kjölfar slyssins en stofnaður var styrktarreikningur í nafni stúlknanna til að hjálpa til við að flytja lík þeirra heim til Póllands.**

**Einnig hafði WOW Air samband við fjölskyldurnar og bauð nánustu ættingjum og fjölskyldumeðlimum beggja stúknanna flug til Póllands svo þeir gætu verið viðstaddir útförina.**

**Fjölskyldurnar segja að stuðningurinn hafi reynst þeim ómetanlegur. Segjast þær snortnar yfir því hvað það er mikil samheldni í íslensku samfélagi.**

**Fjölskyldurnar þakka innilega fyrir allt saman og segja að engin orð fái lýst þakklæti þeirra nógu vel.** **- ebg**

Byggt við húsnæði ASÍ:

# Stækkun fær græna ljósið

**FÉLAGASAMTÖK** Eigendur húseignarinnar við Guðrúnartún 1 í Reykjavík hafa samþykkt stækkun hússins og eru framkvæmdir þegar farnar í gang.

Fram kemur á vef Alþýðusambandsins (ASÍ) að heimiluð hafi verið fjögurra hæða viðbygging við norðurenda suðurhúss og viðbótarhæð ofan á norðurhús, auk nokkurra annarra minni háttar breytinga. „Alls nemur stækkunin um 1.600 fermetrum,“ segir á vef ASÍ, en stækkun hússins er sögð hafa verið í pípunum um nokkurra ára skeið. **- óká**

Kurteisi í umferðinni:

# Sáttmáli um umferðina

**UMFERÐ** Umferðarsáttmáli verður afhentur forseta Íslands við athöfn í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í dag. Sáttmálinn inniheldur nokkurs konar kurteisisreglur í umferðinni og er ætlað að auka sameiginlegan skilning á því hvernig við viljum haga okkur í umferð. Sáttmálinn hefur verið í vinnslu síðustu mánuði en hugmyndin kom til umræðu hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu í lok síðasta árs og auglýst var eftir sjálfboðaliðum með brennandi áhuga á umferðarmálum til að vinna verkefnið. **- ebg**

# Áætlun farþegaskipa raskast vegna veðurs

**Tugir milljóna tapast við að skemmtiferðaskip þurfa að breyta áætlun vegna veðurs. Skip með þrjú þúsund farþega þurfti frá að hverfa um helgina. Í sumar hafa skip hætt við að koma við á landsbyggðinni. Kaupgeta farþega almennt mikil.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** Válynd veður hafa í sumar sett strik í reikning fjölmarga sem þjónusta skemmtiferðaskip á áfangastöðum þeirra hér á landi. Emerald Princess, eitt stærsta skemmtiferðaskipið sem átti að koma hingað til lands í sumar, þurfti frá að hverfa.

Um borð í Emerald Princess eru um þrjú þúsund farþegar, auk áhafnar, en skipið er 114 þúsund tonn að stærð.

Ólafía Sveinsdóttir, deildarstjóri ferðaskrifstofunnar Atlantik, segir að skipið hafi átt að festa landfestar á hádegi í gær og sigla frá landinu á miðnætti. Hins vegar hafi veðrið verið það vont að Emerald Princess var siglt djúpt suður af landinu á leið sinni frá Evrópu til Bandaríkjanna. Atlantik hafði með höndum alla umsýslu vegna komu skipsins og segir Ólafía það ljóst að í hvert skipti sem skip þarf að afboða komu sína finni margir fyrir því. Mismikið þó.

„Þetta eru miklir peningar sem um er að ræða. Hins vegar fengum við upplýsingar um afboðun þessa skips fyrir helgi, og gátum því afboðað leiðsögumenn, varað veitingastaðina við og afboðað rútur og smærri bíla. Þannig var hægt að lágmarka tjón þessara aðila, en hér er um að ræða töluverðan tekjumissi,“ segir Ólafía sem segir að vel hafi verið bókað í ferðir af farþegum Emerald Princess.

Misjafnt er hversu vel er bókað í ferðir af hverju skipi, og ræðst það af þjóðerni farþega. Þjóðverjar eru t.d. duglegri að nýta sér ferðir en bandarískir ferðamenn. Þó höfðu á milli 50-60% þegar bókað ferðir af farþegum Emerald Princess, en ekki er óalgengt að þetta hlutfall sé um 80%. Þá eru ótaldir þeir sem verja tíma sínum í þéttbýlinu. Almennt séð er kaupgeta farþega skemmtiferðaskipa mikil.

Spurð um hversu algengt það sé að skip þurfi frá að hverfa segir Ólafía að brösuglega hafi gengið í sumar vegna veðurs. „Skipin hafa siglt fram hjá Vestmannaeyjum í nokkrum tilfellum, þá helst skip sem komast ekki að bryggju. Grundarfjörður hefur líka orðið fyrir barðinu á veðrinu. Það er hins vegar fátíðara að koma skipanna til Íslands sé felld niður alfarið, en þau halda þá kyrru fyrir hérna í Reykjavík. En september hefur verið slæmur bæði núna og í fyrra,“ segir Ólafía.

**svavar@frettabladid.is**



**Á GÓÐUM DEGI** Skipin sem komu til landsins í sumar voru á níunda tuginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Tólf þúsund á hvern farþega skipanna

Ekki er óvarlegt að áætla að hver ferðamaður af skemmtiferðaskipi verji um tíu til tólf þúsund krónum daginn sem hann dvelur hér á landi. Farþegar skipanna nýta sér fjölbreytta þjónustu; fara í lengri ferðir og kaupa mat og kaffiveitingar. Eins fara menn í styttri ferðir, á söfn, í útsýnisflug, hvalaskoðun eða jafnvel á jökul. Hér er önnur umsýsla en þjónusta við farþega ótalin. Hafnargjöld eru eitt, en einnig kaup á vistum, varahlutum, olíu og annarri þjónustu.


# Klárum málið!

**Tökum höndum saman og útrýmum mænusótt**

Mænusótt, einnig þekkt sem lömunarveiki, er ólæknandi sjúkdómur sem örkumlar börn og dregur jafnvel til dauða. Gríðarlegur árangur hefur hins vegar náðst í baráttunni gegn sjúkdómnum. Til að útrýma mænusótt á heimsvísu þarf að tryggja að öll börn fái bólusetningu.

**Viltu vita meira?** Farðu inn á unicef.is/maenusott





Steingrímur J. Sigfússon gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir óljósar yfirlýsingar:

# Ekki rústa aftur orðspori Íslands

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýndi ríkisstjórnina fyrir óljósar og mótsagnakenndar yfirlýsingar varðandi losun gjaldeyrishafta á Alþingi í gær.

Steingrímur spurði Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra um stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu og hvort vænta mætti aðgerða á næstu vikum.

Vísaði Steingrímur í því samhengi í viðtal sem Bloomberg-fréttastofan tók við Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra í lok maí. Þar sagði Sigmundur að ný áætlun um afnám gjaldeyrishafta yrði kynnt nú í haust. Þá lýsti hann yfir vonbrigðum með það hversu lítið hefði áorkast undanfarna fjóra mánuði.

„Við ætlum okkur væntanlega að láta þetta takast vel og farsællega út frá okkar þjóðarhagsmunum um leið og við ætlum ekki aftur að rústa orðspori Íslands,“ sagði Steingrímur.

Bjarni sagði að ríkisstjórnin hefði á síðustu mánuðum verið að kalla eftir gögnum til að átta sig á stöðu mála og til að ákvarða næstu skref. Ekki stæði til að gera miklar breytingar á núverandi stjórnskipulagi varðandi nefndir eða vinnuhópa.

„Mönnum finnst sem lítið hafi gerst hér undanfarna 100 daga eða svo og þá segi ég bara á móti: Hefur ekki bara of lítið gerst frá árinu 2008 í þessu máli? Er ekki staðreyndin sú að við höfum lítið annað gert en að herða á höftunum?“ sagði Bjarni Benediktsson. **- hks**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Fyrrverandi formaður VG segir yfirlýsingar ríkistjórnar varðandi afnám gjaldeyrishafta mótsagnakenndar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ályktanir 34. landsþings NLFÍ 14. september 2013

## Erfðabreyttar lífverur – ræktun erfðabreyttra plantna á Íslandi

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að banna með öllu útiræktun á erfðabreyttum lífverum og undirbúa að Ísland verði sem fyrst lýst land án erfðabreyttra lífvera.

## Erfðabreyttar lífverur – innihaldslýsingar

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til þess að tryggja með auknu eftirliti og eftirfylgni að innflytjendur og framleiðendur hlíti ákvæðum reglugerðar um merkingar á matvælum sem framleidd eru úr erfðabreyttum lífverum og afurðum þeirra.

## Lífrænt vottuð framleiðsla

Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að móta stefnu um eflingu lífrænnar framleiðslu á Íslandi og að taka upp skipulegan stuðning við lífræna aðlögun í landbúnaði.
Vísindalegum rannsóknum fjölgar sem sýna fram á að lífrænar aðferðir auka langtíma hagkvæmni í framleiðslu, hafa jákvæð áhrif á lífríki og umhverfi, auka næringarefna-innihald matvæla og stuðla að bættu heilsufari.
Matvara með lífræna vottun er án erfðabreyttra afurða.

## Íþróttastarf barna og unglinga

Landsþing NLFÍ hvetur forsvarsmenn íþróttafélaga til að bjóða ekki til sölu sælgæti eða aðra óhollustu í fjáröflunarstarfi sínu.

## Mataræði barna í grunnskólum

Landsþing NLFÍ hvetur íslensk stjórnvöld og skólayfirvöld til að tryggja gott framboð hollrar og fjölbreyttrar fæðu í öllum grunn- og framhaldsskólum landsins. Rannsóknir sýna sterk tengsl á milli mataræðis og námsárangurs.

## Viðbættur sykur og unnin kolvetni

Landsþing NLFÍ varar við miklu framboði á vörum með viðbættum sykri og unnum kolvetnum. Landsþingið hvetur söluaðila til að fjarlægja sælgæti frá afgreiðslukössum og draga úr auglýsingum matvara sem ríkar eru af viðbættum sykri og unnum kolvetnum. Framfylgja þarf undantekningalaust merkingum á umbúðum matvæla um magn viðbætts sykurs.

## Áfengi og önnur vímuefni

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar fræðslu í grunn- og framhaldsskólum um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Landsþingið skorar á stjórnvöld að fylgja eftir banni við áfengisauglýsingum og herða viðurlög á brotum gegn þeim.

## Tóbak

Landsþing NLFÍ fagnar þeim árangri sem náðst hefur í tóbaksvörnum á Íslandi og hvetur stjórnvöld til að taka skrefið til fulls og banna reykingar á almannafæri.

## Hefðbundnar og óhefðbundnar lækningar

Landsþing NLFÍ hvetur til aukinnar samþættingar hefðbundinna lækninga og viðbótar-meðferða. Með viðbótarmeðferð er átt við meðferð sem ekki hefur verið talin hluti af hefðbundinni heilbrigðisþjónustu en sýnt hefur verið fram á með rannsóknum að nýtist samhliða hefðbundinni meðferð eða sem sjálfstæð meðferð.

## Umhverfi

Landsþing NLFÍ minnir á að hreint náttúrulegt umhverfi er mikilvægur þáttur í lífi og heilsu fólks. Landsþing NLFÍ hvetur stjórnvöld til að standa vörð um ósnortin víðerni í náttúru Íslands.

**Berum ábyrgð á eigin heilsu**

Náttúrulækningafélag Íslands
Laugavegi 7 - 101 Reykjavík - Sími: 552 8191 - www.nlfi.is

Barn fleygði sér fyrir lest:

## Barnaníðingurinn ákærður

**SVÍÞJÓÐ** Karl á fimmtugsaldri hefur verið ákærður í kjölfar þess að 13 ára stúlka fleygði sér fyrir lest í Kumla í Svíþjóð í mars síðastliðnum. Stúlkan hafði verið í sambandi við manninn, sem laug til um aldur og nafn, á samfélagsmiðlum og fékk hann hana til að sitja fyrir í ósæmilegum stellingum fyrir framan vefmyndavél. Hann hótaði síðan að birta myndirnar sæti hún ekki fyrir á nýjan leik. Hinn ákærði er grunaður um sams konar brot gegn rúmlega tuttugu öðrum ungum stúlkum.

Börn sem ætluðu að ná í tvo kettlinga undir svölum mannsins fundu þar tölvu hans með sönnunargögnum eftir að hann hafði verið handtekinn. Hann hafði sagt lögreglunni að hann hefði fleygt tölvunni, að því er segir á vef Metro. - ibs

Nýr bátur á Snæfellsnes:

## Betri aðstaða fyrir áhöfnina

**ÚTGERÐ** Nýr bátur bættist í flotann á Snæfellsnesi síðasta laugardag þegar Kristinn SH 812 kom til heimahafnar í Ólafsvík. Kristinn er í eigu Breiðavíkur ehf. Eigendur Breiðavíkur ehf. eru feðgarnir Bárður Guðmundsson og Þorsteinn Bárðarson. Báturinn var upphaflega smíðaður árið 2010 hjá Trefjum í Hafnarfirði en þeir feðgar keyptu hann frá Belgíu.

Fyrir eiga feðgarnir tvo báta sem báðir verða settir á sölu. Með kaupum á Kristni verður betri aðstaða fyrir áhöfnina og aukið hagræði. - hrs

# 18% lægri laun hjá ríkinu en á almennum markaði

Laun félaga í SFR eru 18% lægri en laun félagsmanna VR í sambærilegum störfum. Munurinn er enn meiri á milli almenns markaðar og starfsmanna Reykjavíkurborgar. SFR hyggst gera kjarasamninga til skamms tíma.

**KJARAMÁL** Laun á almennum vinnumarkaði eru um fimmtungi hærri en hjá ríkinu. Þetta kemur fram í tilkynningu um nýja launakönnun SFR, stéttarfélags ríkisstarfsmanna, og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Þar segir að félagsmenn VR séu með tæplega 18 prósentum hærri heildarlaun en félagsmenn SFR sem sinna sambærilegum störfum og 28 prósentum hærri laun en félagsmenn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Þá kemur fram í könnuninni, sem var gerð í febrúar og mars síðastliðnum, að kynbundinn launamunur mælist sjö prósent hjá félagsmönnum SFR en 9,9 prósent hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar. Hjá VR var kynbundinn launamunur 9,4 prósent.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, segir kröfugerð félagsins fyrir komandi kjarasamninga vera tilbúna og að hún verði borin upp til samþykktar í trúnaðarráðinu á morgun.

„Vægi þessa launamunar almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera er alltaf að aukast í okkar kröfugerð,“ segir Árni Stefán. „Við munum horfa til þessa og teljum að það þurfi að taka verulega á þessu.“

Að sama skapi segir Árni að horfa verði til launamunar kynjanna í kjaraviðræðunum, þótt hann hafi reyndar mælst minni hjá SFR nú en oft áður.



**„Menn eru ekki að fara að binda sig í kjarasamninga til þriggja ára við svona aðstæður. Það kemur ekki til greina.**

*Árni Stefán Jónsson formaður SFR*

Að síðustu nefnir Árni Stefán að í stað þess að einblína á launahækkanir þurfi einnig að horfa til kaupmáttaraukningar, enda hafi launahækkanir lítið að segja ef atvinnulífið heldur áfram að velta þeim beint út í verðlagið. Þetta verði að vinna í samvinnu við stjórnvöld og atvinnulífið.

„Og við munum svo fara fram á að ríkið komi til viðræðna við okkur upp úr miðjum október. Við verðum tilbúin fyrsta október,“ segir Árni.

Ekki standi hins vegar til að gera langa samninga, til þess sé óvissan allt of mikil hvað varðar fyrirhugaða hagræðingu í ríkisrekstrinum. „Menn eru ekki að fara að binda sig í kjarasamninga til þriggja ára við svona aðstæður. Það kemur ekki til greina.“

stigur@frettabladid.is

## HÆKKUN LAUNA EFTIR LAUNÞEGAHÓPUM 2008-2013




**ÓLÍK ÞRÓUN** Á þessari mynd má sjá hvernig laun hafa hækkað á milli ára eftir launþegahópum. Sjá má að undanfarið ár hafa laun félaga í SFR og VR hækkað mun meira en til dæmis laun starfsmanna Reykjavíkurborgar.

www.volkswagen.is




## Evrópu- og heimsmeistari

Volkswagen Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013 WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Nýr Golf kostar frá

**3.540.000 kr.**

Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

Das Auto.

Volkswagen Golf eyðir aðeins frá 3,8 l/100 km

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Kostar rúmar níu þúsund krónur út úr búð:

# Gruyère-osti fargað

**LANDBÚNAÐUR** Nokkrum tugum kílóa af svissneskum Gruyère-osti var nýlega fargað. MS ætlaði að flytja ostinn inn og selja í verslunum hér en osturinn er ógerilsneyddur. Samkvæmt reglugerð um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins segir að heimilt sé að flytja eitt kíló af ógerilsneyddum osti til einkanota en ráðherra geti heimilað meira magn í sama tilgangi. Einar Sigurðsson, forstjóri MS, segir mistök hafa átt sér stað við pöntun á ostinum og sá sem pantaður var til landsins hafi ekki uppfyllt skilyrði reglugerðarog verið of ungur.

Leyfilegt sé að flytja Gruyèr inn sé hann orðinn sex mánaða gamall en sá sem hafi verið pantaður hingað til lands hafi verið þriggja mánaða. Það hafi því verið eðlilegt að eyða honum. Þetta hafi verið lítið magn eða 30 til 50 kíló. Gruyèr er með dýrari osti sem fæst hér á landi. Eftir því sem næst verður komist kostar kílóið rúmar 9.000 krónur út úr búð. - jme



**HÖFUÐSTÖÐVAR SJÓHERSINS Í WASHINGTON** Öryggisverðir kanna skilríki manns við innganginn. NORDICPHOTOS/AFP

# Áður komist í kast við lög

Árásarmaðurinn sem myrti tólf manns í Washington á mánudag hafði greiðan aðgang að byggingu sjóhersins þrátt fyrir afbrotaferil og geðrænan vanda.

**BANDARÍKIN** Lögreglan í Washington veit ekki enn hvað varð til þess að Aaron Alexis hóf skothríð í stjórnstöð bandaríska sjóhersins á mánudag, myrti tólf manns og féll svo sjálfur fyrir skotum lögreglu.

Hann átti hins vegar við geðræn vandamál að stríða og hafði sótt meðferð vegna þess.

Lögregluna grunaði í fyrstu að tveir aðrir menn væru með honum en nú þykir ljóst að hann var einn að verki.

Alexis var 34 ára, fyrrverandi varaliðsmaður í sjóhernum, en starfaði sem verktaki hjá hernum og hafði því aðgang að byggingunni.

Hann hafði ítrekað kvartað undan sjóhernum og sagðist hafa orðið fyrir mismunun. Hann þótti skapbráður og hafði nokkrum sinnum komist í kast við lögin. Skotvopn komu tvisvar við sögu í þeim útistöðum og í seinna skiptið var hann rekinn úr hernum. Það var árið 2011.

Á mánudagsmorgun kom hann sér fyrir á svölum á efri hæð fyrir ofan matsal í byggingu sjóhersins og skaut þaðan niður á fólkið í matsalnum. Hann skaut einnig á fólk á göngum byggingarinnar.

Þetta var um það leyti sem fólk var að mæta til vinnu. Tólf létu lífið en þrír særðust, þar af einn lögreglumaður. Búist er við að þeir muni ná sér af sárum sínum.

Margir hafa lýst furðu sinni á því að maðurinn skuli hafa haft aðgangskort að byggingunni þegar horft er til forsögu hans.

Byggingin er ein af mörgum



**AARON ALEXIS** Árásarmaðurinn hafði greiðan aðgang að byggingunni, þrátt fyrir forsögu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

inni á Navy Yard í Washington, svæði sjóhersins þar sem áður var skipasmíðastöð og slippur fyrir herskip. Þar búa nú margir yfirmenn hersins og þar er enn yfirumsjón með skipasmíðum og skipahaldi sjóhersins. Þar er einnig safn sjóhersins, sem er opið almenningi, og þar eru haldnar ýmsar opinberar athafnir tengdar sjóhernum.

Þetta er mannskæðasta árás í bandarískri herstöð frá því árið 2009 þegar hergeðlæknirinn Nidal Hasan myrti 13 manns í Fort Hood í Texas.

Alexis var með þrjú skotvopn á sér, þar á meðal AR-15 riffil, sem er sams konar vopn og notað hefur verið í tveimur skotárásum í Bandaríkjunum á síðustu misserum.

gudsteinn@frettabladid.is


Eru íslensk fjármálafyrirtæki spennandi fjárfestingarkostur?

Markaðir Landsbankans bjóða til opins morgunfundar á morgun, fimmtudaginn 19. september í Hörpu.

Verið velkomin á morgunfund Markaða Landsbankans. Á fundinum veltum við upp þeirri spurningu hvort íslensk fjármálafyrirtæki séu spennandi fjárfestingarkostur.

Fundurinn verður haldinn í Silfurbergi í Hörpu á morgun, fimmtudaginn 19. september. Fundurinn hefst kl. 8.30 og stendur til kl. 11.00. Boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00.

Skráning á landsbankinn.is

Dagskrá:

**Opnunarávarp**
Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra

**Samanburður á norrænum og íslenskum bönkum**
Úttekt Hagfræðideildar Landsbankans

**Hverjir eiga norræna banka?**
Magnús Harðarson, aðstoðarforstjóri NASDAQ OMX Iceland

**Fjármálamarkaðurinn frá sjónarhóli fjárfesta**
Brynjólfur Bjarnason, framkvæmdastjóri Framtakssjóðs Íslands og Gísli Hauksson, forstjóri Gamma

**Path to privatisation of Icelandic banks – an international debt and equity investor perspective**
Jan Olsson, forstjóri Deutsche Bank á Norðurlöndum, og Stephen Westgate, framkvæmdastjóri hjá Deutsche Bank og yfirmaður viðskipta við norræn fjármálafyrirtæki

**Samantekt**
Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans

**Fundarstjóri**
Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður Eignastýringar Landsbankans

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Eldgos í Indónesíu:

## Þúsundir þurfa að fara heiman

**INDÓNESÍA, AP** Meira en sex þúsund manns hafa yfirgefið heimili sín á eyjunni Súmötru í Indónesíu eftir að eldgos hófst í fjallinu Sinabung á sunnudag.

Fjallið hefur legið í dvala í þrjú ár en spýr nú ösku og hraunkúlum. Fljótt varð ljóst að í nágrenni fjallsins væri engum óhætt.

Sinabung gaus síðast í ágúst 2010. Þá þurftu 30 þúsund manns að yfirgefa heimili sín tímabundið. Fjórar aldir voru þá liðnar frá síðustu eldsumbrotum í Sinabung. - gb

Verkfræðingar á Ítalíu hrósuðu sigri í gærmorgun þegar Costa Concordia var komið á réttan kjöl:

# Flókin framkvæmd tókst á nítján tímum

**ÍTALÍA, AP** Verkfræðingar á Ítalíu voru harla ánægðir með árangurinn í gærmorgun þegar skemmtiferðaskipið Costa Concordia var komið á réttan kjöl eftir 19 tíma vinnu við verkið.

„Skipið var þyngra en ég bjóst við,“ sagði Nick Sloane, Suður-Afríkumaðurinn sem stjórnaði aðgerðum á strandstað. „En maður verður að vera þolinmóður. Það er ekki hægt að gera þetta með skeiðklukku.“

Skipið hafði legið í tuttugu mánuði á hliðinni á strandstað við eyjuna Giglio við strendur Toskanahéraðs á Ítalíu.

Sú hlið skipsins sem var í kafi er töluvert skemmd. Strax verður hafist handa við að festa flothylki við þá hlið skipsins, rétt eins og gert hafði verið við hina hliðina, sem stóð upp úr sjó, áður en verkið hófst í gær. Flothylkin verða nú notuð til að fleyta skipinu svo hægt verði að draga það burt af strandstaðnum.

Töluverð óvissa ríkti um árangurinn en að sama skapi var léttirinn mikill þegar ljóst varð að allt hafði tekist. Ekki varð vart við neinn olíuleka eða annað umhverfistjón. - gb



**SKIPIÐ REIST VIÐ** Efri myndin vinstra megin var tekin 12. janúar árið 2012, þegar Costa Concordia var nýstrandað. Hinar þrjár sýna það reisast við smám saman nú á mánudag og þriðjudag. NORDICPHOTOS/AFP






**HEIMILISOFBELDI** 55 karlmenn fóru í viðtöl á síðasta ári vegna heimilisofbeldis sem þeir beittu maka sína eða börn. MYND/TEITUR JÓNASSON

# Sífellt fleiri ofbeldismenn leita aðstoðar

Tæplega 200 karlmenn hafa sótt sálfræðiaðstoð vegna heimilisofbeldis frá 2006. Mikil aukning hefur verið síðastliðin þrjú ár, mest hjá mönnum undir þrítugu.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Fjöldinn hefur aukist stöðugt síðustu þrjú ár,“ segir Andrés Ragnarsson sálfræðingur sem ásamt kollega sínum, Einari Gylfa Jónssyni, heldur úti meðferðartilboði fyrir karla sem beita heimilisofbeldi. Meðferðin kallast „Karlar til ábyrgðar“ og hefur verið starfrækt frá árinu 2006.



MYND/ANDRÉS RAGNARSSON

**ANDRÉS RAGNARSSON**

Í ársskýrslu sálfræðinganna kemur fram að 55 karlmenn sóttu sér aðstoð á síðasta ári og er það metfjöldi. Árið áður voru þeir 51 en frá 2006 hefur 181 einstaklingur komið í eitt viðtal eða fleiri hjá sálfræðingunum, sem eru með stofu á Höfðabakka.

Að sögn Andrésar hefur fjöldi þeirra sem leita til þeirra aukist um 10 til 15 prósent síðustu þrjú ár. Aðspurður hvort það sé til vitnis um aukningu á heimilisofbeldi hér á landi segir hann ómögulegt að spá fyrir um slíkt. „Enda er þessi fjöldi ekki nema örlítið brot af ísjakanum,“ útskýrir Andrés.

Mennirnir eru frá 18 upp í 75 ára. Algengasta aldursbilið er þó frá 25 ára til 45 ára.

„Annars er klár aukning á mönnum undir þrítugu sem leita til okkar,“ segir Andrés. Hann segir einnig marga koma sem hafa einu sinni beitt heimilisofbeldi.

Andrés segir það afar mismunandi af hvaða ástæðum mennirnir komi í meðferð til sálfræðinganna. Langflestir komi þó í gegnum Kvennaathvarfið.

„En margar tilvísanir koma frá Barnavernd,“ segir Andrés. Hann áréttar að það séu ekki eingöngu karlmenn sem beita ástvini sína ofbeldi. Því sé nú boðið upp á meðferð fyrir konur einnig. Sú meðferð er nýhafin og aðeins ein kona byrjuð.

Aðspurður um árangur meðferðarinnar heldur Andrés því fram að árangurstölur séu jákvæðar. „Svo er Háskóli Íslands með viðamikla könnun þar sem árangurinn er rannsakaður,“ segir hann og bætir við að niðurstöður þeirrar könnunar ættu að liggja fyrir innan tveggja mánaða.

Aðspurður um úrræði fyrir einstaklinga á landsbyggðinni svarar Andrés því til að bæði sé sálfræðingur á þeirra vegum á Akureyri „og svo höfum við nýtt Skype-tæknina líka. Þannig að búseta hefur ekki afgerandi áhrif“.

Andrés segir hægan stíganda í fjölda þeirra sem leita sér meðferðar. „Og svo þarf bara að minna stöðugt á þetta. Heimilisofbeldi fylgir mikil skömm,“ segir Andrés, sem áréttar að það sé hjálp í boði fyrir þá sem eru tilbúnir að sækja hana.

valur@frettabladid.is

## 37 nýir karlar í meðferð á síðasta ári

Frá því að meðferðarúrræðið „Karlar til ábyrgðar“ var endurvakið vorið 2006 hefur 181 einstaklingur komið í eitt viðtal eða fleiri. Á árinu 2012 komu 37 nýir karlar í viðtöl, auk þess sem 18 héldu áfram í viðtalsmeðferð frá fyrra ári. Fjöldi einstaklingsviðtala á árinu var 292. Skjólstæðingarnir voru samtals 55 (51 árið 2011). Að meðaltali voru 5,3 viðtöl á hvern skjólstæðing á árinu. Höfð voru 27 viðtöl við 27 maka. Samtals voru því 319 viðtöl (242 árið 2011).

NSA liggur undir grun um ólöglega söfnun upplýsinga hjá Belgacom:

# Hátækniinngrip frá öðru landi

**BELGÍA, AP** Belgacom, stærsta símafyrirtæki Belgíu, upplýsti í byrjun vikunnar að brotist hefði verið inn í tölvukerfi þess, að því er virtist í þeim tilgangi að njósna.

Í tilkynningu Elio di Rupo, forsætisráðherra Belgíu, kemur fram að tilgangur innbrotsins virtist vera „markviss söfnun upplýsinga“ með tækni sem benti til „aðkomu annars lands“ að njósnunum.

Sérfræðingar Belgacom eru sagðir hafa uppgötvað rafræn fótspor í upplýsingatæknikerfum félagsins en hafa „tryggt öryggi kerfisins á ný“ núna um helgina. Njósnirnar hafi verið kærðar til ríkissaksóknara.

Hvorki ríkisstjórnin né Belgacom hafa nefnt hver kynni að vera á bak við árásina. Njósnirnar uppgötvuðust hins vegar örfáum vikum eftir uppljóstranir Edwards Snowden um að bandarískar eftirlitsstofnanir hleruðu stofnanir Evrópusambandsins með aðsetur í Brussel. Evrópuráðið hefur sagst hafa farið fram á skýringar frá Bandaríkjunum. Fréttastofa AFP segir því haldið fram í belgíska dagblaðinu De Standaard í gær að Þjóðaröryggisstofnun Bandaríkjanna (NSA) beri ábyrgð á innbrotinu í tölvukerfi Belgacom.

Belgacom segir viðskiptavini ekki hafa orðið fyrir óþægindum eða tjóni. „Vírusinn sem safnaði upplýsingum fannst bara í innra tölvukerfi Belgacom, ekki í fjarskiptanetinu,“ segir í yfirlýsingu fyrirtækisins.

Harðorð yfirlýsing stjórnvalda þykir benda til þess inngripið hafi verið alvarlegt bæði að umfangi og eðli.



**Á FUNDI** Jean-Pascal Labille, atvinnuvega- og þróunarsamvinnuráðherra Belgíu, og Didier Bellens, forstjóri Belgacom, ræddu innbrot í tölvukerfi Belgacom á blaðamannafundi. NORDICPHOTOS/AFP

„Ef kenningin fæst staðfest og málið snýst í raun um rafrænar njósnir fordæmir ríkisstjórnin inngripið harðlega, sem og að brotið sé með þeim hætti á trúverðugleika fyrirtækis í almannaeigu,“ segir í yfirlýsingunni. „Sé raunin sú tekur ríkisstjórnin í framhaldinu viðeigandi skref,“ segir þar jafnframt, án frekari útlistunar. - óká






Nýr veruleiki í skólum með fjölgun innflytjenda:

# Gera þetta almennilega

Aldrei hafa verið fleiri börn af erlendum uppruna í skóla á Íslandi en nú. Í nýrri skýrslu Fjölmenningarráðs, sem Fréttablaðið sagði frá í gær, kemur fram að nú eru um tólf prósent þriggja ára barna með annað móðurmál en íslenzku. Ef litið er á hóp leikskólabarna í heild eru þar ellefu prósent með erlent móðurmál.

Þessi stóra breyting hefur orðið á tiltölulega skömmum tíma, rúmlega áratug. Frá aldamótum hefur fjöldi barna með erlent ríkisfang í leikskólum sjöfaldazt. Í skýrslunni er bent á að þessi þróun sé áskorun fyrir menntakerfið og reyna muni á þjónustu fyrir þessi börn í grunnskólum landsins.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Undir það tók Héðinn Pétursson, aðstoðarskólastjóri Austurbæjarskóla, í samtali við Fréttablaðið. Hann benti á að hærra hlutfalli tvítyngdra barna fylgdi aukinn kostnaður fyrir skólana og sérhæfingu og mannafla þyrfti til að fást við börn með annað móðurmál en íslenzku. „Það kostar mikla peninga að gera þetta almennilega.“

Hvað þýðir að gera þetta almennilega? Það getur þurft túlk til að tala við foreldra barna sem eiga sér annað móðurmál en íslenzku. Börnin sjálf þurfa sérstakan stuðning. Þau geta þurft aðstoð í íslenzkunámi og svo skiptir ekki síður máli að þau fái haldgóða kennslu og þjálfun í eigin móðurmáli, því að það er lykillinn að því að þau nái tökum á íslenzkunni og öðrum tungumálum. Fram á það hafa ótal rannsóknir sýnt.

Peningar til slíkrar stuðningsþjónustu eru af skornum skammti. Sums staðar er aðgangurinn að nauðsynlegri sérþekkingu líka takmarkaður, jafnvel þar sem hlutfall innflytjendabarna er einna hæst eins og til dæmis á Vestfjörðum.

Samt er mikilvægt að standa almennilega að stuðningi við börn innflytjenda. Ástæðurnar má meðal annars lesa í skýrslu Fjölmenningarseturs. Þar kemur fram að aðeins um 80% innflytjendabarna skrá sig í framhaldsskóla, samanborið við um 96% barna af íslenzkum uppruna. Þar segir sömuleiðis að orsakanna sé að leita í grunnskólanum. Auðvelt er að álykta að það sé ekki sízt slök íslenzkukunnátta sem dregur úr börnum innflytjenda að takast á við framhaldsskólanám.

Munur á menntunarstigi innflytjenda og þeirra sem fyrir eru í landinu er ávísun á vandamál síðar meir. Reynsla nágrannalandanna sýnir að hætta er á að innflytjendur standi skör lægra í samfélaginu, með minni menntun og lægri tekjur en að meðaltali og lokist af í hverfum lágtekjufólks. Sú tilfinning að fólk sé annars flokks og njóti ekki sömu tækifæra og aðrir elur af sér óánægju og félagslegan óróa sem stundum brýzt út í átökum eins og mörg nýleg dæmi frá Evrópulöndum sýna.

Við getum lært af þeirri reynslu nágranna okkar – en þá þarf líka að byrja snemma, strax í leikskólanum – og gera þetta almennilega. Veita börnum innflytjenda þann stuðning sem þarf til að þau verði fullgildir og fullnýtir þjóðfélagsþegnar þegar þau vaxa úr grasi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tvöföld kúvending

Það er fátt skemmtilegt við stóra flugvallarmálið. Það sem er skemmtilegast er það hversu ósamkvæmir sjálfum sér menn eru í umræðum um það. Einn þeirra er Ögmundur Jónasson, fyrrverandi innanríkisráðherra. Einu sinni vildi Ögmundur hafa flugvöll í Vatnsmýrinni. Svo kom að því að halda atkvæðagreiðslu um flugvöllinn og þá vildi Ögmundur allt í einu að hann færi, af skipulagsástæðum, og sagðist mundu greiða atkvæði á þann veg. Síðan eru liðin tólf ár og núna vill Ögmundur hafa flugvöllinn á sínum stað. Hann vill meira að segja halda atkvæðagreiðslu um hann, svo að hann geti tjáð afstöðu sína í verki. Það væri forvitnileg félagsfræðitilraun að halda hana og gá hvort Ögmundi snúist enn einu sinni hugur.



### Júlíus og Kjartan, anno 2001

Fjallað er um afstöðu Ögmundar, eins og hún leit út þann daginn, í Degi árið 2001. Þar er líka þessi klausa: „Af hálfu sjálfstæðismanna sem vilja völlinn burt af sömu ástæðu eru þeir Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon.“ Hinir sjálfstæðismennirnir vildu halda flugvellinum á sínum stað.



### Júlíus og Kjartan, anno 2013

Spólum nú aftur áfram um tólf ár; til dagsins í dag. Þá berast fréttir af því að aðeins tveir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins séu reiðubúnir að lýsa því afdráttarlaust yfir að flugvöllurinn skuli vera áfram þar sem hann er um ókomna tíð. Þessir tveir menn heita Júlíus Vífill Ingvarsson og Kjartan Magnússon. Svona getur heimurinn verið hverfull.

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Óafgreitt frumvarp um fjárhættuspil

FJÁRHÆTTUSPIL



**Ögmundur Jónasson**
fv. innanríkisráðherra

Frá fyrra kjörtímabili liggur fyrir óafgreitt frumvarp sem ætlað er að taka á „spilavandanum“. Velta happdrætta og fjárhættuspila á Íslandi nemur hátt í á annan tug milljarða króna. Við búum jafnframt við einhverja lökustu lagaumgjörð og regluverk sem fyrirfinnst í okkar hluta heimsins. Fáum málum hefur mér fundist eins brýnt að taka á og einmitt þessu.

En það er ekki hlaupið að því, enda rík tregðulögmál að verki jafnt innan sem utan veggja Alþingis. Ég hef stundum orðað það svo að tveir aðilar séu háðir spilafíkninni, sá sem lætur peninginn af hendi og hinn sem við honum tekur. Vandinn er sá að viðtakendur fjárins eru aðilar sem vinna þjóðþrifaverk í samfélaginu og nefni ég Slysavarnafélagið Landsbjörg sem dæmi um slíka starfsemi sem öllum ber saman um að þurfi að standa fjárhagslegan vörð um.

Á síðustu misserum var unnin vönduð stefnumótunarvinna á þessu sviði. Starfshópur á vegum innanríkisráðuneytisins kannaði í þaula lagaumgjörð annarra landa og setti fram tillögur í anda þess besta sem við töldum okkur finna, einkum þegar litið er til Norðurlandanna. Leitað var eftir nánu samstarfi við rekstraraðila spilakassa hér á landi og var hið almenna viðhorf af þeirra hálfu jákvætt og mótaðist af samfélagslegri ábyrgð.

Ákveðið var að stíga fyrstu skref í átt til breytinga með tvennum hætti. Sett yrði á laggirnar Happdrættisstofa sem hefði með höndum að beina fjármagni til forvarna og endurhæfingar. Hún annaðist ekki slíkt sjálf en væri til ráðgjafar um farveg fjármuna. Í annan stað hefði hún eftirlitshlutverki að gegna gagnvart rekstraraðilum á þessu sviði. Í þriðja lagi væri hún stjórnvöldum til ráðgjafar. Hitt atriðið, sem hrint yrði í framkvæmd þegar í stað, snýr að fjárhættuspilum á netinu. Reistar yrðu skorður við netspilun, en jafnframt fengju innlendir aðilar leyfi til að starfrækja slíka starfsemi en með afgerandi takmörkunum.

Lagafrumvarpi sem lagt var fram af minni hálfu fylgdi greinargerð þar sem kortlögð var framtíðarskipan málaflokksins; öll þessi starfsemi yrði sett undir sama hatt, dregið úr samkeppni en fjármagnið nýtt á markvissari en jafnframt ábyrgari hátt en nú er.

Frumvarpið er til staðar. Stefnumótunarvinna liggur fyrir. Nú verður spurt um vilja nýrrar ríkisstjórnar og Alþingis.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Sara McMahon *sara@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Bjáni eignast barn

Í DAG
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona



Ég gerði heiðarlega tilraun að beiðni næstelstu dóttur minnar til að taka að mér kött þegar við bjuggum í San Diego. Mig langaði sjálfa minna en ekkert að halda kött vitandi að það myndi að mestu lenda á okkur foreldrunum að sinna dýrinu. Mér fannst ég hafa alveg nóg á minni könnu, með fjögur börn í heimili og þar af tvo óvita. Nýfæddan son og stúlkubarn á öðru ári á handlegg.

En örþreyttar ungamæður eru til alls líklegar og sérlega auðvelt að ráðskast með þær svo það varð úr að ég fór á stúfana og heimsótti The Pet Humane Society. Afskaplega virðuleg stofnun sem tekur að sér umsjá flækingskatta. Þar er þeim séð fyrir mubleruðum smáherbergjum, mat og strokum, jafnvel teiknimyndasýningum.

Það er skemmst frá því að segja að ég þótti ekki, þá 39 ára fjögurra barna móðir, hæf til að taka að mér flækingskött. Fyrir því voru nokkrar ástæður en steininn tók úr þegar ég neitaði að láta börnin mín gangast undir mat stofnunarinnar á hæfni þeirra til að umgangast dýr. Ég sýndi samt samstarfsvilja og gat sæst á að stelpurnar eldri tvær kæmu með mér í heimsókn en að ungabörnin sættu skoðun fannst mér í hæsta máta heimskulegt. The Pet Humane Society átti lokaorðið. Þeim varð ekki haggað. Óhæf.

### Óundirbúnir bjánar

Þetta vakti mig til umhugsunar um það að enginn hafði spurt um hæfni mína til að ala upp börn. Þegar ég lít til baka veit ég að oft hefðu slíkar efasemdir fyllilega átt rétt á sér.

Og til að einfalda ykkur, ágætu lesendur, að skipa ykkur í hópa sem dæmið mér í hag eða óhag þá vil ég játa að ég hef látið minn eigin starfsframa, skemmtanagleði og ástarsambönd bitna á börnunum mínum. Á köflum hef ég sjálfsagt vanrækt þau í þágu sjálfrar mín og á þeirra kostnað.

Til allrar hamingju og börnunum til happs hafði ég bæði fjárráð og vit til að ráða afskaplega góðar barnfóstrur til að hjálpa mér fyrstu árin í lífi barnanna minna allra. Ég viðurkenni fúslega að ég hefði einfaldlega ekki getað þetta án góðrar og dyggrar aðstoðar og á þeim góðu konum allt að þakka.

Lífið er ósanngjarnt. Það er fjöldinn allur til af hæfu fólki sem vill ekkert heitar en eignast börn en getur það af einhverjum sökum ekki. Hitt er jafnvíst að óundirbúnir bjánar eignast börn eins og að drekka vatn, um það er ég sjálf lifandi dæmi. Það sem kannski er alvarlegast er að ekkert í okkar uppeldi og menningu reynir að hindra það.

### Þurfum að bregðast við

Ég var 26 ára þegar ég eignaðist mitt fyrsta barn, alls ekkert smábarn lengur og hlaut fyrir vikið nafnbótina gömul frumbyrja á fæðingardeild Landspítalans. Ég fékk fyrirtaksþjálfun í brjóstagjöf, umönnun naflans og vitneskju um að ég mætti eiga von á því að verða vonlítil og sorgmædd á fyrstu sólarhringunum eftir fæðingu. Það stóð heima. Á þriðja sólarhring í lífi barnsins var ég óhuggandi og grét eins garðkanna.

Það hafði hins vegar enginn sagt mér hversu innihalds- og tilbreytingarlitlar samverustundir við ungabörn geta verið. Hvað andvökunætur og óværð geta tekið mann á taugum. Hvað það er erfitt að vera ungt einstætt foreldri og hafa ekki í kringum sig stórfjölskyldu sem hleypur undir bagga. Um þessar staðreyndir hafði enginn tjáð sig, allir höfðu passað sig á því að grjóthalda kjafti um það sem mestu máli skiptir. Það er ekki ný saga heldur saga svo ótal margra kvenna og í auknum mæli á síðustu áratugum líka saga einstæðra feðra.

Það kann að vera að fólk haldi að hlutirnir hafi breyst á þeim 18 árum sem liðin eru frá því að ég ól mitt fyrsta barn og að fólk sé betur upplýst um það mikla starf og þá ábyrgð sem því fylgir að verða foreldri. Því miður bendir fátt til þess og tölur um vanrækslu og ofbeldi á börnum á Íslandi eru svo háar að erlendar eftirlitsstofnanir gera við það alvarlegar athugasemdir.

> Það hafði hins vegar enginn sagt mér hversu innihalds- og tilbreytingarlitlar samverustundir við ungabörn geta verið. Hvað andvökunætur og óværð geta tekið mann á taugum. Hvað það er erfitt að vera ungt einstætt foreldri og hafa ekki í kringum sig stórfjölskyldu sem hleypur undir bagga. Um þessar staðreyndir hafði enginn tjáð sig, allir höfðu passað sig á því að grjóthalda kjafti um það sem mestu máli skiptir. Það er ekki ný saga heldur saga svo ótal margra kvenna og í auknum mæli á síðustu áratugum líka saga einstæðra feðra.

Við þessu þurfum við að bregðast. Það má gera með aukinni fræðslu til ungs fólks á síðari stigum grunnskóla og í menntaskólum. Við verðum að kenna það markvisst hvað umönnun barna raunverulega þýðir og hvaða kostnað og fórnir það útheimtir af viðkomandi eigi vel að vera. Stuðningur við unga foreldra þyrfti að vera tiltækur svo á nóttu sem á degi í einhverju formi. Það er svo mikið í húfi. Við erum öll að gera okkar besta. En okkur skortir enn forsendur og fræðslu til að gera betur.

Tækifæri
í september

SIEMENS



SIEMENS - Þvottavél
WM 12E450DN
Orkuflokkur A++. Tekur 7 kg.
Vindur upp í 1200 sn./mín.
15 mín. hraðkerfi.
Tækifærisverð:
109.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 139.900 kr.)



SIEMENS - Þurrkari
WT 44B5E0DN
Tekur mest 8 kg. Gufuþétting,
enginn barki. Rakaskynjun.
Krumpuvörn í lok kerfis.
Tækifærisverð:
119.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 149.900 kr.)

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

www.nissan.is
NISSAN
Innovation that excites

SPARNEYTNIR OG VANDAÐIR



100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF
Komdu og kynntu þér kosti LEAF
0,0 l/100 km

500 ÞÚS. KR. KAUPAUKI
FYLGIR NÝJUM QASHQAI



NISSAN QASHQAI
4x4, DÍSIL
Verð: 4.990 þús. kr.
KAUPAUKI: Vetrardekk · Dráttarbeisli · iPad 32 GB
5,1 l/100 km



NÝR DÍSIL

NISSAN JUKE
ACENTA, DÍSIL
Verð: 3.690 þús. kr.
4,2 l/100 km

B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622
Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkst. Austurlands / Egilsst. / 470 5070
IB ehf. / Selfossi / 480 8080

**ÞETTA GERÐIST:** 18. SEPTEMBER 1968

# Lið Vals og Benfica skildu jöfn

Valur gerði jafntefli við portúgalska knattspyrnuliðið Benfica þennan dag árið 1968. Ekkert mark var skorað.

Lið Benfica hafði hinn fræga leikmann Eusebio innanborðs, sem var nýbúinn að fá gullskóinn afhentan í Frakklandi.



Mikið Benfica-æði greip íslensku þjóðina fyrir leikinn, enda var Benfica hátt metið lið og hafði keppt á móti Manchester United í Evrópukeppninni.

Valsarar æfðu stíft fyrir leikinn auk þess að setja upp auglýsingaspjöld út um allt, meðal annars á ljósastaura milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Fólk flykktist á leikinn víðs vegar að af landinu og urðu áhorfendur 18.243 talsins, sem var vallarmet.

Leikurinn var á rólegum nótum og meistari Eusebio þótti koma prúðmannlega fram. Páll Ragnarsson tannlæknir var settur til höfuðs honum og fékk nafnbótina Eusebio-baninn.



**Í SALNUM** Sigurbjörn og Anna Guðný einbeitt við hljóðfærin að kljást við fiðlusónötur Brahms. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Spila sömu verk á sama stað tíu árum síðar

**Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari flytja allar fiðlusónötur Jóhannesar Brahms í Salnum í kvöld. Þau léku þær þar fyrir áratug.**

„Það er alger hátíð að fá að spila þessar gersemar, þær eru ein fallegasta kammertónlist sem samin hefur verið,“ segir Sigurbjörn Bernharðsson fiðluleikari um allar þrjár fiðlusónötur Brahms sem hann spilar með Önnu Guðnýju Guðmundsdóttur píanóleikara í Salnum í kvöld. Þau hafa spilað saman áður, meðal annars þessar sónötur í Salnum fyrir tíu árum.

Sigurbjörn segir sónöturnar ólíkar innbyrðis og virka því vel sem efnisskrá tónleika og ber þær saman á persónulegan hátt. „Sú fyrsta nr. 1 í G-dúr er íhugul, innhverf og ljóðræn og endirinn er einhver sá fegursti sem til er á fiðlusónötu. Mun meiri hetjubragur er yfir sónötu nr. 2 í A-dúr, hún er söngræn og glæsileg en sú síðasta, númer 3 í d-moll, er dramatískust og mögnuðust. Þar er eins og tónskáldið hafi þar verið að reyna að finna hljómsveitarliti, bara í þessum tveimur hljóðfærum.“

Sigurbjörn býr í Bloomington í Indiana í Bandaríkjunum og kennir við Jacobs School of Music við háskólann í Indiana. Hann er í rúmlega vikustoppi á landinu að þessu sinni, kveðst reyna að koma til Íslands ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Nú er eiginkonan Sally Takada með honum og börn þeirra tvö, tveggja ára sonur og fjögurra mánaða dóttir. „Það er ófjölskylduvæn vinna sem ég er í og því er ánægjulegt þegar hægt er að sameina tónleika og smá frí með fjölskyldunni,“ segir hann. Sjálfur ferðast hann mikið með strengjakvartettinum Passifica sem hann er hluti af og spilar úti um allan heim. „Mest erum við innan Bandaríkjanna og Kanada en förum tvær til þrjár Evrópuferðir á ári og annað hvert ár förum við til Ástralíu og hitt árið til Japan,“ lýsir hann.

Bloomington er heldur minni borg en Reykjavík, að sögn Sigurbjörns. Hann segir hana griðland menningar og tónlistarskólann vera stolt bæjarbúa, enda sé hann með um 1.200 nemendur, fimm sinfóníuhljómsveitir og stóra óperudeild sem setji upp átta sýningar á ári.

Tónleikarnir í Salnum í kvöld eru hluti af tónleikaröðinni Klassík í Salnum sem hóf göngu sína í haust og heldur tíu fjölbreytta tónleika yfir veturinn. gun@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGUNN GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Dalbraut 27, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 15. september sl. á Landspítalanum. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jóhanna G. Sigurðardóttir**
**Kristbjörg Sigurðardóttir** **Sindri Sindrason**
**Þórunn Sigurðardóttir**
**Sigþór Pétur Sigurðarson** **Nelly S. Sigurðarson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR JÚLÍUSDÓTTIR**
**Árnatúni 4, Stykkishólmi,**

lést 14. september. Hún verður jarðsungin frá Stykkishólmskirkju laugardaginn 21. september kl. 14.00.

**Jónína K. Kristjánsdóttir** **Bernt H. Sigurðsson**
**Kristján J. Kristjánsson** **Svandís Einarsdóttir**
**Þóra M. Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**PÉTUR SIGURBJÖRNSSON**
**Garðaflöt 1, Garðabæ,**

lést á líknardeild Landspítalans laugardaginn 14. september sl. Jarðarför auglýst síðar.

**Elín Halldóra Hafdal**
**Kristján Grétar Pétursson** **Steinunn Erna Otterstedt**
**Pétur Sigurbjörn Pétursson** **Berglind Ósk Kjartansdóttir**
**Rakel Björk Pétursdóttir** **Marinó Jónsson**
**Heimir Þór Pétursson** **Vilborg Drífa Gísladóttir**
**Brynhildur Pétursdóttir** **Jóhann Pálsson**
**og barnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**GUÐMUNDUR HELGI PÉTURSSON**
**Unnarstíg 1, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 15. september. Jarðarför auglýst síðar.

**Sigríður Sch. Guðbjörnsdóttir**
**Albert Snær Guðmundsson**
**Sigurlaug Maren Guðmundsdóttir** **Magnús Kristjánsson**
**Sara Petra Guðmundsdóttir** **Andri Hrafn Agnarsson**
**Tjörvi Guðmundsson**
**Sóldís Birta, Aron Liljar og Adrían Snær**

---

†



Elsku mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**ANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Mávahlíð 33,**

lést þann 10. september á hjúkrunarheimilinu Grund. Hún verður jarðsungin frá Hvítasunnukirkjunni Fíladelfíu þann 25. september klukkan 13.00.

**Guðborg E. Björgvinsdóttir**
**Örnólfur F. Björgvinsson** **Sigurrós K. Indriðadóttir**
**Guðrún H. Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Legsteinar og fylgihlutir**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**INGA BJARNEY ÓLADÓTTIR**
**Ásvöllum 2, Grindavík,**

lést mánudaginn 16. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Björgvin Gunnarsson**
**Rúnar Þór Björgvinsson** **Karen Mjöll Elísdóttir**
**Hrafnhildur Björgvinsdóttir**
**Gunnhildur Björgvinsdóttir** **Símon Alfreðsson**
**Óli Björn Björgvinsson** **Guðrún Jóna Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður, sonur, bróðir og frændi,

**HELGI VIGFÚS JÓNSSON**

sem lést laugardaginn 7. september, verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju, föstudaginn 20. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Þroskahjálp.

**Ingibjörg Jónasdóttir**
**Sigríður Steindórsdóttir**
**Steindór Jónsson** **Anna Þórný Jónsdóttir**
**Lára Magnea Jónsdóttir** **Ólafur Guðmundsson**
**Þórunn, Jón Elvar, Guðmundur Andri, Stefanía Lára, Glódís Erla, Elísabet Helga**

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## RÆTT UM HJÓLREIÐAR

**Föstudaginn 20. september verður haldin þriðja ráðstefna Hjólafærni og Landssamtaka hjólreiðamanna undir heitinu Hjólum til framtíðar. Ráðstefnan fer fram í Iðnó frá klukkan 9 til 16.**

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994



DENNICKETORP Meðferðarheimilið í Svíþjóð stendur á fallegum stað mitt á milli Stokkhólms og Gautaborgar.

# MEÐFERÐARÚRRÆÐI Í SVÍÞJÓÐ

**DENNICKETORP KYNNIR** *Runólfur Jónsson hefur rekið meðferðarheimili í Svíþjóð í átján ár með góðum árangri. Hann býður Íslendinga velkomna til Dennicketorp til lengri eða skemmri dvalar.*

Meðferðarheimilið Dennicketorp stendur á fallegum og friðsælum stað mitt á milli Stokkhólms og Gautaborgar. „Hér er alhliða áfengis- og fíkniefnameðferð sem stendur yfir í allt að sex mánuði. Nokkrir Íslendingar hafa þegar lokið meðferð í Dennicketorp og voru mjög ánægðir með alla aðstöðu," segir Runólfur, sem hóf störf sem ráðgjafi á Fitjum á Kjalarnesi á meðan sá staður var starfandi. „Þegar Fitjar voru lagðar niður var fólk sent í meðferð til Svartnes í Svíþjóð og í rauninni fylgdi ég með," útskýrir Runólfur.

Hann keypti Dennicketorp, þar sem meðferðarheimili hafði verið, og ákvað að reka það sjálfur. Meðferðarheimilið er rekið samkvæmt íslensku módeli, eins og segir á heimasíðunni. „Fólk sem hefur verið í meðferð heima getur komið í Dennicketorp og haldið áfram meðferð hér með sérfræðingum. Ekki er þó nauðsynlegt að hafa farið í meðferð áður. Þeir sem hafa áhuga á að koma til Svíþjóðar í meðferð geta farið inn á heimasíðuna okkar þar sem eru allar helstu upplýsingar um starfsemina. Mjög gott er að kunna sænsku en einnig er boðið upp á ráðgjöf á íslensku."

Runólfur segir að stefnt sé að því að allir nái að losa sig undan fíkninni og að það hafi gengið mjög vel hjá þeim Íslendingum sem hafa verið í meðferð í Dennicketorp. Meðferðin er ekki niðurgreidd þannig að fólk þarf sjálft að greiða fyrir hana. „Fjarlægðin gerir fólki gott auk þess sem umhverfið er ákaflega friðsælt og truflun lítil," segir Runólfur. „Heimilið, sem heitir Bergslagens Behandlings- och Rehabiliteringscenter AB, stendur inni í skógi við vatn."

Hann segist stefna á að verða með 10-12 manna íslenskan hóp til meðferðar. Þeir sem vilja kynna sér betur þetta úrræði geta sent póst á Runólf, runni@dennicketorp.se, og hann svarar um hæl. „Við bjóðum upp á fæði og húsnæði, afvötnun, daglega fundi og ráðgjöf. Á heimilinu er líkamsræktaraðstaða og boðið er upp á hugleiðslu. Öll meðferð er einstaklingsmiðuð þar sem þarfir og geta hvers og eins eru skoðaðar. Hjá okkur starfa 14 manns, þar af læknir og hjúkrunarfræðingur. Á staðnum er fólk búið undir að takast á við hið daglega líf aftur án vímuefna," segir Runólfur.



**RÁÐGJAFI**
Runólfur Jónsson rekur meðferðarheimilið í Svíþjóð en hann hefur áratugareynslu af fíkniefna- og áfengisráðgjöf.
MYND/GVA

**HEIMASÍÐA**
**dennicketorp.se**

NÝ SENDING
Af YFIRHÖFNUM!
BASLER Parisar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770



ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL?
Eigum frábært úrval af klæðilegum buxum
Háar í mittið!
Stærðir 34-46
Verð 14.990
Vertu vinur okkar á Facebook
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777



sabrina
Ítölsk hönnun hágæða sófasett
Kynningarverð



LAGERHREINSUN
Á ARINELDSTÆÐUM
EINUNGIS 3 VERÐ!
19.900,-
29.900,-
39.900,-





Frí heimsending á hjónarúmum eða tökum gamla rúmið upp í nýtt!
20-50%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM
FRÍ LEGUGREINING
OG FAGLEG RÁÐGJÖF



VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM
Smiðjuvegi 2
Kópavogi
Sími 544 2121
www.rumgott.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 11-16
SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM

# FERÐALJÓSMYNDIR

Þegar maður hefur ekki tök á að ferðast um heiminn er gaman að ráfa um samfélagsmiðilinn Instagram og ferðast um í huganum. Instagram byggir á ljósmyndum og þar má meðal annars finna fjölda glæsilegra ferðasíðna sem gaman er að skoða. Mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu eru með slíkar síður en líka margir ferðalangar og áhugaljósmyndarar.

Murad Osmann (muradosmann) ferðast um heiminn ásamt unnustu sinni og heldur úti stórskemmtilegri síðu með óvenjulegum og litfögrum myndum.

Síðan Wonderful places (wonderful_places) inniheldur, eins og nafnið gefur til kynna, ljósmyndir af dásamlega fallegum stöðum.

Verðlaunaljósmyndarinn Gary Arndt (everythingeverywhere) hefur ferðast um heiminn síðan 2007 og heimsótt yfir 100 lönd í öllum heimsálfum.

Franski hönnuðurinn VuTheara Kham (vutheara) birtir margar skemmtilegar myndir á síðu sinni, þar á meðal frá Íslandi.

Hjónin Daniel og Audrey Scott (uncornered_market) sögðu upp störfum sínum árið 2006 og hafa síðan ferðast um heiminn. Á síðu þeirra er fjöldi ljósmynda frá flestum þeirra 75 landa sem þau hafa heimsótt.

Seattle Drege (seattlestravels) er frá Kanada og hefur ferðast víða. Ísland er uppáhaldsland hennar og á síðu hennar eru margar fallegar myndir.

Af fyrirtækjum má nefna bókaútgáfuna Lonely Planet (lonelyplanet) og National Geographic (natgeotravel og natgeo).


Höfum opnað aðra verslun í húsi Máls og menningar, Laugavegi 18




Amma mús - handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavik
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 8-18 sími 511 3388



LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynnast Íslandi í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

-Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
-Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

**Helstu námsgreinar:**
- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsögutækni, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

**Umsögn:**
Leiðsögunámið í Ferðamálaskóla Íslands bætti miklu við þekkingu mína á landinu sem og sögu og menningu þjóðarinnar. Þessir þættir voru ofnir saman á einkar áhugaverðan og skemmtilegan hátt og kryddað margs konar fróðleik og frásögnum. Auk þess spannaði námið allt frá leiðsögutækni til laxveiðáa, frá skyndihjálp til skógræktar og frá hvalafræðum til hverasvæða svo nokkuð sé nefnt. Skipulag námsins var sveiganlegt en með ákveðnu aðhaldi stjórnenda sem skapaði gott andrúmsloft í þessum alþjóðlega hópi nemanda. Þessum tíma var mjög vel varið hvort sem maður hyggur á ferðaleiðsögn eða ekki.


Magnús Jónsson
fv. veðurstofustjóri

Ferðamálaskóli Íslands

**Opið 8-22**

**Ferðamálaskóli Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466**




**NESTISSTOPP** Efst á heiðinni beið matráður skólans eftir göngugörpunum og grillaði pylsur ofan í mannskapinn. Nemendur í fyrsta til tíunda bekk tóku þátt í göngunni. MYND/VALSÁRSKÓLI

# ÆVINTÝRAFERÐ YFIR VAÐLAHEIÐI

*__FERÐIR__ Krakkarnir í Valsárskóla á Svalbarðseyri gerðu sér lítið fyrir og gengu yfir Vaðlaheiði á árlegum göngudegi skólans. Á leiðinni fræddust þau um örnefnin í nágrenninu, skoðuðu fornleifauppgröft og grilluðu pylsur.*

Það var erfitt að labba svona langt en ég labbaði bara áfram alla leið. Við sáum skóg og dót á leiðinni og svo grilluðum við pylsur. Þetta var fínt," segir Kristófer Örn Sigurðarson, nemandi í fyrsta bekk í Valsárskóla á Svalbarðseyri. Hann gekk yfir Vaðlaheiði ásamt skólafélögum sínum á þriðjudaginn fyrir viku, á árlegum göngudegi skólans.

Göngudagurinn er hluti af námsmarkmiðum Valsárskóla í útikennslu og var gengið frá Skógum í Fnjóskadal, eftir gamla veginum og síðan eftir gamalli þjóðleið sem liggur af heiðinni niður að Valsárskóla, alls um átján kílómetra. Yngstu bekkirnir fengu bílfar áleiðis upp heiðina en elstu nemendurnir gengu alla leið.

„Mér fannst þetta erfitt," Segir Rakel Mjöll Jóhannsdóttir, nemandi í níunda bekk. „Það var kalt uppi á heiðinni og ég fékk hausverk. Við stoppuðum tvisvar til að bíða eftir þeim sem voru að tína ber. Ég vildi ekki tína ber því ég var að fara í útivistarval á eftir og þar áttum við að fara í berjamó," bætir hún við. Kristófer segir krakkana í Valsárskóla oft fara í slíkar vettvangsferðir með kennurunum. „Við bjuggum einu sinni til indíánatjald og vorum að tálga og saga spýtur í skóginum," segir hann hress og Rakel segir bekkinn hennar hafa gengið á Kaldbak og Súlur í útivistarvali. „Í fyrra bjuggum við til snjóhús með því að saga ís, fórum á gullfiskaveiðar og helgarferð í Ásbyrgi," bætir hún við.

Í ferðinni yfir heiðina sáu krakkarnir báða enda Vaðlaheiðarganga og skoðuðu fornleifauppgröft við eystri enda ganganna í Fnjóskadal. Þá fundu krakkarnir hræ af rollu sem hafði orðið úti á heiðinni í stórhríðinni í fyrra og einnig voru þau frædd um örnefnin í kring. Krakkarnir sáu líka húsin sín og skólann frá alveg nýju sjónarhorni sem mörgum þótti mjög skemmtilegt. ■ **heida@365.is**



**GÖNGUDAGUR** Alls gengu krakkarnir í Valsárskóla um átján kílómetra leið yfir Vaðlaheiði í blíðskaparveðri. Á leiðinni voru þau frædd um örnefnin í kring, tíndu ber og sáu húsin sín og skólann frá alveg nýju sjónarhorni. MYND/VALSÁRSKÓLI


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS
Snælandsskóla við Furugrund

# NÁMSKEIÐ Á HAUSTÖNN 2013

Bættu við þekkingu þína og möguleika á skjótan og skemmtilegan hátt í Kvöldskóla Kópavogs

**Tungumál**
10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda – framhalds – og talæfingaflokkum

**DANSKA**
Danska III

**ENSKA**
Enska I – II
Enska III

**NORSKA**
Norska I – II

**SÆNSKA**
Sænska I – II

**ÍTALSKA**
Ítalska I

**SPÆNSKA**
Spænska I
Spænska II
Spænska III
Spænska. Hablar, escribir y, penslar en espanol

**Íslenska fyrir útlendinga I – IV**
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

**Icelandic for foreigners I – IV**
10 week courses
60 class hours

**Kurs jezyka islandzkiego dla obcokrajowcow I – IV**
Kurs10 – tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

**Verklegar greinar**
Bókband
Silfursmíði
Trésmíði

**Saumanámskeið**
Crazy Quilt
Fatasaumur/
Barnafatasaumur
Skrautsaumur – baldering /skattering
Þjóðbúningur – saumaður

**Tölvunámskeið**
Excel 40 +
Facebook 50 +
Fingrasetning 50 +
Tölvunám I 50 +
Tölvunám II 50 +

**Reiðhjólanámskeið**
Hjólað til gagns – léttar viðgerðir og viðhald

**Matreiðslunámskeið**
Gómsætir grænmetis – pasta – og baunaréttir
Heilsubrauðbakstur
Heilsudrykkir
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

**Prjón og Hekl**
Prjón – byrjendur
Prjón – nýjungar
Prjón – tvöfalt
Peysuprjón
Frágangur á prjóni
Hekl – byrjendur
Hekl – framhald

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

*Innritun og upplýsingar:*
*http://kvoldskoli.kopavogur.is og í síma 564 1507*

Kópavogsbær

kopavogur.is

**ÍSLAND GOT TALENT** Skráning er hafin og hringferðin að hefjast

MIÐVIKUDAGUR 18. SEPTEMBER 2013
16. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
**DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2**



## FRÉTTIR STÖÐVAR 2

Fréttamenn kafa dýpra í ýmis mál í Íslandi í dag á mánudagskvöldum.



## THE AMERICANS

Spennuþættir um hjón sem lifa tvöföldu lífi og eru útsendarar KGB.



## HJÖRVAR HAFLIÐASON

Fjölbreyttari íþrótta-umfjöllun en nokkru sinni fyrr.



# BRAGÐIÐ AF ÍSLANDI ER FERSKT

VALA MATT FÓR Í SÆLKERAFERÐ UM LANDIÐ OG SÝNIR AFRAKSTUR-INN Í NÝRRI ÞÁTTARÖÐ SEM HEFST Á MORGUN.

krakkar GULL BÍÓ 3 SPORT SPORT 2

# MYNDIR HELGARINNAR



**THE WATCH**
**Kl. 21.10 laugardag**
Geggjuð gamanmynd með Ben Stiller, Jonah Hill, Richard Ayoade og Vince Vaughn. Fjórir nágrannar í dauflegu úthverfi ákveða að stofna nágrannavörslu, aðallega til að geta komist út á kvöldin, en þeir hafa hver um sig sína ástæðu til að vilja sleppa út af heimili sínu á kvöldin, eða a.m.k. eitt kvöld í viku.

**FAST FIVE**
**Kl. 22.50 laugardag**
Hörkuspennandi mynd með Vin Diesel, Paul Walker, Dwayne Johnson og Jordana Brewster í aðalhlutverkum. Þetta er fimmta myndin í spennumyndaflokknum Fast and the Furious og að margra mati sú allra besta.




## 10 BÍÓ Á STÖÐ 2 BÍÓ

Miðvikudagur
**X-Men: First Class**



Laugardagur
**The Double**




Fimmtudagur
**Friends With Benefits**




Sunnudagur
**The Change-up**




Föstudagur
**The Fighter**







Þriðjudagur
**Pirates Of The Caribbean: On Stranger Tides**




Mánudagur
**The Messenger**

Stöð 2 Bíó fylgir frítt með áskrift að Stöð 2



Fréttastjórarnir Breki Logason og Karen Kjartansdóttir segja spennandi vetur fram undan á fréttastofunni.
MYND/STEFÁN

# SPENNANDI FRÉTTAVETUR FRAM UNDAN

Fréttastofa Stöðvar 2 mun hafa umsjón með Íslandi í dag á mánudagskvöldum í vetur. Þar verður kafað dýpra í ýmis mál sem snerta fólkið í landinu.

**FRÉTTIR**
**Kl. 18.30 alla daga**

Fréttastofa Stöðvar 2 siglir nú inn í enn einn veturinn en fréttastofan hefur sagt landsmönnum fréttir allt frá stofnun stöðvarinnar árið 1986. Fréttastofan er í nánu samstarfi við aðra fréttamiðla fyrirtækisins en hlutverk þessa hóps er fyrst og fremst að setja saman fréttatíma klukkan 18.30 öll kvöld vikunnar í opinni dagskrá.

„Við erum með mjög góða blöndu af fólki, bæði fólk sem er að stíga sín fyrstu skref og síðan þaulreynda blaða- og fréttamenn,“ segir Breki Logason, sem tók við stöðu fréttastjóra í byrjun sumars.

Breki segir spennandi vetur fram undan, sérstaklega í pólitíkinni, þar sem ný ríkisstjórn er að fara inn í sinn fyrsta vetur. „Fréttamaðurinn Höskuldur Kári Schram verður okkar maður í pólitíkinni. Hann mun vinna efni þvert á miðla auk þess sem hann verður með sinn eigin þátt á Vísi þar sem verður kafað ofan í pólitíkina.“

Breki segir Stöð 2 alltaf hafa sinnt landsbyggðinni vel og verður framhald á því í vetur. „Við erum afar ánægð með hann Magnús Hlyn okkar sem hefur fyrir löngu stimplað sig inn sem einn ástsælasti fréttamaður þjóðarinnar. Þá mun Kristján Már Unnarsson, sem hefur starfað á Stöð 2 nánast frá upphafi, halda áfram að segja okkur fréttir af ferðum sínum um landið.“

Í vetur mun fréttastofan einnig sjá um Ísland í dag á mánudagskvöldum og mun varafréttastjórinn Karen Kjartansdóttir halda utan um þá dagskrá. „Þar fáum við meiri tíma en í fréttatímanum sjálfum og getum því kafað frekar ofan í málin. Við ætlum að bjóða upp á vel unnið, áhugavert efni og fjalla um málefni sem snerta fólkið í landinu. Fréttamenn okkar munu alfarið sjá um mánudagskvöldin en margir fréttamenn kvarta einmitt yfir því að hafa ekki nægan tíma. Þarna er tækifærið,“ segir Karen.

Breki segir mjög spennandi tíma fram undan. „Við höfum notað sumarið vel til að skipuleggja okkur og erum meðal annars orðin sýnileg á Facebook. Ég hvet landsmenn til að finna okkur þar til að missa ekki af okkur í vetur enda erum við þarna fyrir þá.“



# NJÓSNARAR Í NÆSTA HÚSI

**Þættirnir The Americans fjalla um hjón sem búa með börnum sínum í bandarísku úthverfi á níunda áratugnum. Enginn veit að þau eru í raun útsendarar sovésku leyniþjónustunnar KGB.**

Sögusvið The Americans er úthverfi Washington-borgar á níunda áratugnum. Kalda stríðið er í hámarki en hjónin Elizabeth (Keri Russell) og Philip Jennings (Matthew Rhys, þekktastur fyrir hlutverk sitt sem Kevin Walker í Brothers and Sisters) hafa í fimmtán ár lifað venjulegu lífi með börnum sínum tveimur. Engan, ekki einu sinni börn þeirra, grunar að þau eru í raun sovéskir njósnarar sem vinna við að safna leynilegum upplýsingum um bandarísk stjórnvöld fyrir gamla heimaland sitt, Rússland. Þó þurfa þau að passa sig því í næsta húsi býr FBI-fulltrúinn Stan Beeman (Noah Emmerich).

Spennuþættirnir eru skrifaðir og framleiddir af fyrrverandi foringja í CIA, Joe Weisberg. Hann byggði handritið á gögnum úr eigu njósnarans Vasili Mitrokhin og viðtölum við fyrrverandi samstarfsfélaga hans. Þættirnir fóru í loftið í Bandaríkjunum í janúar en þegar hefur verið ákveðið að leggja í aðra seríu.




### Las sér til um njósnir

Keri Lynn Russell (fædd 1976) er bandarísk leikkona. Hún hóf ferilinn í Mickey Mouse-klúbb Disney með þeim Ryan Gosling, Christinu Aguilera, Britney Spears og Justin Timberlake. Fyrsta stóra hlutverkið fékk hún árið 1998 í þáttunum Felicity. Fyrir það hlaut Russell Golden Globe-verðlaun. Síðan þá hefur hún komið fram í nokkrum kvikmyndum.

Russell varð fljótt spennt fyrir hlutverki Elizabeth í The Americans. Í nýlegu viðtali sagði hún frá því hvernig hún bjó sig undir hlutverk njósnarans. „Ég las allt sem ég komst í sem tengdist njósnum,“ sagði Russell, sem las til dæmis ævisögu Vladimírs Pútín enda var hann innsti koppur í búri KGB.

**THE AMERICANS**
**kl. 21.55 mánudaga**



Með aðalhlutverk í myndinni fara Alex Williams, Rachel Griffiths og Anthony LaPaglia.

# UMDEILDUR JULIAN ASSANGE

**UNDERGROUND**
**Kl. 21.25 sunnudag**

Underground: The Julian Assange Story er leikin áströlsk sjónvarpsmynd um Julian Assange, forsprakka Wikileaks. Í myndinni er sagt frá Assange á þeirri ferð sem gerði hann á endanum að einum umdeildasta manni heims.

Julian Assange fæddist í júlí 1971 í Townsville í Queensland í Ástralíu. Hann starfaði sem blaðamaður en stundaði tölvuhakk löngu áður en hann varð aðalritstjóri Wikileaks. Hann skrifaði bókina Underground árið 1997 ásamt dr. Sueletta Dreyfus en myndin er að einhverju leyti byggð á henni. Árið 1989 var Assange þekktur í undirheimum netsins undir heitinu Mendax en honum tókst að hakka sig inn í flóknustu öryggiskerfi heims. Þá þegar var hann farinn að ógna bandarískum stjórnvöldum. Assange var handtekinn í Lundúnum í desember 2010 vegna ásakana um kynferðisbrot í Svíþjóð. Honum var sleppt gegn hárri tryggingu. Myndin var tekin í Melbourne en Robert Connolly skrifaði handrit. Hún var ekki gerð með samþykki Julians Assange né fjölskyldu hans en hefur fengið jákvæð viðbrögð frá henni.

# SÖGULEGIR TÓNLEIKAR HJÁ BUBBA

**Bubbi Morthens fær þekkta tónlistarmenn í heimsókn og kynnir áhorfendum fyrir sjávarútvegi í nýjum þætti. Í næsta þætti mun hann flytja Ísbjarnarblús í fyrsta sinn í heild sinni með rokkhljómsveit.**

**BEINT FRÁ MESSA**
**kl. 19.45 laugardaga**

Þátturinn Beint frá messa með Bubba Morthens hóf göngu sína síðasta laugardag á Stöð 2 við góðar undirtektir. Þátturinn skartar nokkrum af frægustu tónlistarmönnum þjóðarinnar sem spila um borð í ólíkum skipum auk þess sem íslenskur sjávarútvegur er kynntur fyrir landsmönnum. Bubbi segir hugmyndina að þættinum hafa þróast út frá því að taka tónlistarmenn út úr þægindarammanum og setja þá í óvenjulegar aðstæður. „Þannig skapast oft aðrar áherslur við tónlistarflutninginn. Um leið fannst mér góð hugmynd að sýna almenningi hvernig togarar líta út en margir Íslendingar hafa ekki hugmynd um það. Mörg þessara skipa veiða fisk fyrir gríðarlega háar upphæðir þannig að ég vildi líka sýna áhorfendum að það er hold og blóð á bak við hvern einasta fisk sem veiðist.“

Í fyrsta þættinum flutti Bubbi sjálfa Stuðmenn til Eskifjarðar þar sem þeir spiluðu um borð í togaranum Aðalsteini Jónssyni. Síðar í vetur sjáum við hann meðal annars draga Papa og Gylfa Ægisson til Neskaupsstaðar þar sem þeir taka lagið um borð í skuttogara og Mugison tekur nokkur lög um borð í varðskipi. „Í næsta þætti mun ég hins vegar flytja fyrstu plötu mína Ísbjarnarblús ásamt rokkhljómsveit í heilu lagi um borð í Goðafossi sem er flaggskip íslenska kaupskipaflotans. Það er rosaleg tilfinning að vera um borð í svo stóru skipi, þetta er eins og að spila í Turninum í Kópavogi. Ég hef aldrei spilað hana alla í einu lagi með rokkhljómsveit þótt ég hafi spilað eitt og eitt lag með ýmsum hljómsveitum og svo auðvitað tekið ýmis lög af henni á kassagítar.“

Sjálfum finnst honum frumburður sinn hafa elst nokkuð vel en 33 ár eru liðin síðan hún var gefin út. „Ég mundi segja að svona 90% plötunnar væru gargandi snilld, það er bara þannig. Sjálfur held ég enn upp á mörg laganna en þó mest upp á Hrognin eru að koma. Mér finnst enn einhver ótrúlegur galdur í því lagi og þykir enn óskaplega vænt um það.“ Meðal annarra þekktra laga af plötunni má nefna Ísbjarnarblús, MB. Rosinn, Jón pönkari og svo auðvitað Stál og hnífur.



Bubbi Morthens stýrir nýjum þætti á Stöð 2 í haust.


Ný upplifun í stofunni þinni
Með UPPLEVA línunni og BESTÅ hirslum sameinar þú sjónvarp, hljóðkerfi og húsgagn. Útkoman er heildarlausn sem gerir stofuna stílhreinni með földum snúrum, þráðlausu bassaboxi og öllu er stjórnað með einni fjarstýringu. Upplifðu UPPLEVA í versluninni og kynntu þér tæknina á www.IKEA.is
109.900,-
UPPLEVA 40" snjallsjónvarp
321.400,-
BESTÅ samsetning m/40" UPPLEVA snjallsjónvarpi og 2.1 hljóðkerfi
5 ára ÁBYRGÐ
UPPLEVA snjallsjónvörpum og hljóðkerfum fylgir 5 ára ábyrgð án aukakostnaðar
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is


Balcony Ideas
Shirley MacLaine
Arne Treholt
Einsam
IKEA




# ALLIR GETA TEKIÐ ÞÁTT

Stöð 2 leitar nú að hæfileikaríku fólki til að spreyta sig í stærstu hæfileikakeppni heims.

Allir geta tekið þátt, einstaklingar, pör, tríó og hópar og má fólk keppa með hvaða atriði sem er; söng, dans, uppistand, tónlist, íþróttir, áhættuatriði, töfrabrögð eða sirkusatriði – hvað sem er. Verðlaunin er ekki af verri endanum; 10 milljónir fyrir siguratriðið.

Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir skipa dómnefndina í Ísland got talent og leggja nú land undir fót í leit að þátttakendum, með Auðun Blöndal í broddi fylkingar.

Skráning er þegar hafin á stod2.is/talent og hefjast fyrstu prufurnar þann 30. september.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Selfoss | *30. september* | Ísafjörður | *4. október* |
| Borgarnes | *1. október* | Húsavík | *4. október* |
| Höfn í Hornafirði | *1. október* | Sauðárkrókur | *5. október* |
| Stykkishólmur | *2. október* | Akureyri | *6. október* |
| Neskaupstaður | *2. október* | Vestmannaeyjar | *8. október* |
| Patreksfjörður | *3. október* | Reykjavík | *12. og 13. október* |
| Egilsstaðir | *3. október* | | |

# Hugleikur fyrsti aðalgestur Loga

**LOGI Í BEINNI.**
**FÖSTUDAG**
**KL. 20.20**




Logi Bergmann Eiðsson mætir aftur á skjáinn með Loga í beinni á föstudag. Listamaðurinn Hugleikur Dagsson verður fyrsti aðalgestur þáttarins. Logi er sannfærður um að hann komi til með að skemmta áhorfendum.

„Mér finnst Hugleikur óvenjulegur, fyndinn og skemmtilega óviðeigandi. Hann er um þessar mundir með nýja teiknimyndaþætti á RÚV og svo hefur hann verið að túra með uppistandið sitt, sem er algerlega frábært,“ segir Logi.

Hann segir Hugleik koma til með að vera með brot úr uppistandinu í þættinum en stefnt er að því að uppistand fái aukið vægi í vetur. „Ef vel tekst til verður þátturinn heimavöllur uppistandsins.“

En hefur þú engar áhyggjur af því að Hugleikur slái þig út af laginu? „Nei, ekki miklar. Hann kom til mín í Spurningabombuna og var mjög skemmtilegur. En við sjáum til. Ég hlakka að minnsta kosti til að tala við hann.“

Logi í beinni verður á dagskrá Stöðvar 2 fram að áramótum. Spurningabomban tekur svo við fram á vor.

# SÆLKERAFERÐI[N] HEFST Á HÚSAV[ÍK]

Sælkeraferð lífskúnstnersins Völu Matt hefst í náttúruparadísinni Hú
hún nýtur matar og lífs á Pallinum með hjónunum Þóru Sigurðardó
Snæ. Völu dreymir um að hanna og reka eigið veitingahús í sveit.

**SÆLKERAFERÐIN**
**Kl. 20.05 fimmtudaga**



„Það óvæntasta sem ég lagði mér til munns í sælkeraferðinni var glas af spenvolgri mjólk úr kú sem ég mjólkaði sjálf í Vogafjósi við Mývatn. Ég var búin að ákveða að mjólkin hlyti að vera vond, heit og velgjuleg en hún reyndist vera alveg dýrindis góð. Að vísu þótti mér hún betri kæld og sá mjólkursopi var allsendis ólíkur því sem maður drekkur úr fernu og alveg dásamlega góður,“ segir Vala Matt, reynslunni ríkari eftir sælkerarúnt sinn umhverfis Ísland.

„Bragðið af Íslandi er ferskt, hreint og gómsætt. Að mínu mati er Ísland eitt af fimm bestu matarmenningarlöndum heims og ég ýki í engu þegar ég fullyrði að í minnstu sjávarþorpum og á ólíklegustu stöðum eru veitingahús á pari við fjögurra Michelinstjörnu veitingahús ytra. Ástæðan er hráefnið og einfaldleiki í matseld í samstarfi við náttúruna.“

Vala segir íslenskt sælkeraeldhús laða til sín matarunnendur hvaðanæva að.

„Í fyrrasumar varð Rockefeller gamli áttræður og hefur um dagana borðað á Ritz og öllum dýrustu Michelin-stöðum heims. Hann valdi mjólk af spena og taðreykt hangikjöt í Vogafjósi þegar hann valdi sér nýja bragðupplifun og í eftirrétt hefur hann kannski fengið heimagerðan ís með rúgbrauðsmylsnu eins og ég smakkaði og var ofboðslega góður í munn og maga.“

Áhorfendur hefja sælkeraferð Völu á Pallinum á Húsavík þar sem hjónin Þóra Sigurðardóttir og Völli Snær hafa undanfarin tvö sumur rekið sérstæðan veitingastað í tjaldi.

„Við kynnumst þessum ævintýralega stað í draumkenndu veðri og umhverfi og borðum dýrindis rétti. Síðan vindum við okkur í sælgætisát á Hótel Borg þar sem Völli var í sumar því þau Þóra skiptu liði,“ útskýrir Vala.

Með þáttunum situr eftir ferðalag um Ísland, faldar sælkeraperlur og matargerð sem áhorfendur geta endurtekið heima.



Enski boltinn verður flaggskip stöðvarinnar í vetur að sögn Hjörvars Hafliðasonar, dagskrárstjóra Stöðvar 2 Sports.

MYND/VILHELM

N

# VÍK

savík þar sem
ttur og Völla



**„Sjálf er ég búin að prófa rétt frá Drangsnesi þar sem ég lærði að steikja skötusel vafinn í beikon og með rjómasósu. Hann tók þrjár mínútur að elda og var geggjaður með glænýjum kartöflum. Hvar sem ég fór var lygilegt að fá spriklandi fisk upp á diskinn og finna hjarta landsins slá í gegnum fiskinn, lambið og lífrænt ræktaða grænmetið sem er engu öðru líkt.“**

**Vala, sem er bæði arkitekt og innanhússarkitekt, segir matargerð og matarmenningu samofna arkitektúr.**

**„Ég heimsæki og spjalla við skemmtilegt fólk og arkitektinn í mér vildi endilega skoða oft og tíðum einstaklega falleg húsnæði sem hýsa sælkeraperlurnar. Það hefur svo verið draumur minn í áraraðir að hanna lítið kaffihús eða veitingastað og reka það sjálf, helst úti á landi. Það verður kannski hugmynd að öðrum þætti; þegar ég vinn úr reynslu minni úr sælkeraferðinni,“ segir Vala og hlær sínum dillandi hlátri.**

# GLÆSILEG **ÍÞRÓTTADAGSKRÁ** Í VETUR

Íþróttaumfjöllun Stöðvar 2 hefur aldrei verið meiri og fjölbreyttari en í vetur. Enski boltinn, Meistardeildin, handbolti og körfubolti verða meðal stærstu greina vetrarins. Stór hópur sérfræðinga mun aðstoða íþróttafréttamenn stöðvarinnar.

Íþróttadagskrá vetrarins á Stöð 2 verður óvenju glæsileg í vetur. Eins og síðasta vetur verður enski boltinn flaggskip stöðvarinnar en um 380 leikir verða sýndir í beinni útsendingu í vetur. Engin sjónvarpsstöð í heiminum sýnir jafn marga leiki frá ensku deildinni en auk þeirra verður Messan vikulega á mánudagskvöldum. Þar munu íþróttafréttamenn fara yfir leiki helgarinnar í enska boltanum ásamt sérfræðingum. Hjörvar Hafliðason, dagskrárstjóri Stöðvar 2 Sports, segir að enn verði aukin þjónusta við áskrifendur í vetur þegar kemur að enska boltanum. „Nú ætlum við að líma dagskrána enn betur saman á laugardögum þannig að áhorfendur fái öll mörkin í æð eftir leikina sem byrja kl. 14. Þá sýnum við öll mörkin úr leikjunum og bestu tilþrifin en við höfum ekki boðið upp á þessa þjónustu áður.“

Auk enska boltans mun Meistaradeildin skipa stórt hlutverk í vetur en hún hefst um miðjan september. „Meistaradeildin verður stærri og glæsilegri en áður. Við munum fylgjast sérstaklega vel með Íslendingunum þremur sem keppa þar, Ragnari Sigurðarsyni og Rúrik Gíslasyni hjá FCK frá Danmörku og Kolbeini Sigþórssyni hjá Ajax.“

## Meiri körfubolti

Íslenski körfuboltinn og NBA-deildin verða á sínum stað að sögn Hjörvars en þó veigameiri en síðasta vetur. „Við munum sýna fjölda leikja frá íslensku deildarkeppninni í vetur og fleiri leiki frá úrslitakeppni karla og kvenna en í fyrra. NBA-deildin hefst svo í október og við setjum strax tóninn með fyrsta leik sem er stórleikur meistara Miami Heat og Chicago Bulls. Úrslitakeppninni í NBA mun síðan verða gerð góð skil næsta vor.“

Þýski handboltinn fær einnig veglegan sess í dagskránni eins og fyrri ár. „Margir af bestu leikmönnum og þjálfurum þýsku deildarinnar eru Íslendingar þannig að þýski handboltinn verður eðlilega eitt af flaggskipum okkar næsta vetur.“

## Íþróttir barna í vetur

Guðjón Guðmundsson íþróttafréttamaður hefur slegið í gegn í sumar með umfjöllunum sínum um íþróttamót barna og unglinga. „Við munum halda þeim umfjöllunum áfram enda vöktu þær mikla athygli og gleði barna og unglinga um land allt. Stefnan er sett á enn frekari umfjöllun af þessu tagi í vetur úr ólíkum íþróttagreinum.“


Stöð 3 er ný sjónvarpsstöð
Kostar aðeins 2.990 kr. á mánuði
Gerðu verðsamanburð
Stöð 3 + krakkar + = 2.990 kr. á mánuði
Skjár 1 = 4.990 kr. á mánuði
Bestu gamanþættirnir eru á Stöð 3
X Factor
fimmtudaga og föstudaga
FYLGIR
áskrift að Stöð 2
Krakkarásin fylgir með
Tryggðu þér áskrift og fáðu allar nánari upplýsingar á
www.stod3.is








## Hjólbarðar




## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

## Viðgerðir




**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja










Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST 554 1989 www.gardlist.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**

Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

**REGNBOGALITIR MÁLNINGARÞJÓNUSTA**

Getum bætt við okkur verkefnum. Uppl. s. 891 9890. malarar@simnet.is

**HIMNAMÁLUN**

Geri tilboð í allt sem tengist málningarvinnu og sandsparsli. Heiðarleiki, fagmennska og sanngjarnt verð. Himnamálun Hilmar Sigurðsson málarameistari S: 851-1960. himnamalun@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

Laga ryðbletti á þökum, hreinsa þakrennur. Tek að mér ýmis smærri verkefni. Uppl. í s. 847 8704 eða manninn@hotmail.com

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. Rafneisti@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu









**HITAVEITUSKELJAR OG LOK**

Eigum til Hitaveituskeljar til afgreiðslu strax.Stærð 210x210cm. 1650 lítrar. Byggaðar úr trefjagleri. Sterkustu og vönduðustu hitaveituskeljar á markaðnum í dag. Litir: Svört og Moonscape. 100% sjálfberandi skeljar. Eigum lok á lager fyrir rafmagnspotta og hitaveituskeljar. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000, (Sogavegi 3, í verslun Fiskikóngsins)

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**

og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.

**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

## Hljóðfæri

Til sölu Píanó og bekkur S: 8963136

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

nudd nudd nudd, slökunar nudd, opið 9-24 S:8977427

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Þessi Cornish Rex köttur er týndur. Hann er ómerktur. Ef þið finnið hann látið okkur vita í s. 772-7401. Við grátbiðjum ykkur að skila honum því við elskum hann með öllu okkar hjarta. Fundarlaunum heitið

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**FYRIRDRÁTTARNET**

Fyrir veiðiréttháfa. Heimavík ehf S. 892 8655 www.heimavik.is

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**ÍBÚÐ TIL LEIGU**

Til leigu 4.herb. 120 m2 íbúð í Hólahverfi Brh. Leiga 175 þ. m. hita, hússjóð og rafmagni. 2. mánaða bankaábyrgð. Langtíma leiga. Uppl. um fjölskyldustærð og fl. sendist á blikaholar@gmail.com.

**ÍBÚÐ TIL LEIGU Í GBR**

85 fm kjallaraíbúð til leigu í rólegu hverfi á Álftanesi 3ja herb. með hita og rafmagni, reyklaus og dýrahald bannað uppl. í síma 8484619 og 8215010.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

Útilegumaðurinn

Tökum ferðavagna í vetrargeymslu. Upphitað og vaktað. Útilegumaðurinn Korputorgi. Sími 551-5600.

**GEYMSLUSVÆÐIÐ EIRHÖFÐA 2-4 REYKJAVÍK**

Vantar þig að geyma bíla, báta, tæki og tól. Vaktað og afgirt geymslusvæði á besta stað í bænum.

**Upplýsingar í síma 577-1555 eða geymslusvædi@kemis.is**

**GEYMSLUHÚSNÆÐIÐ AUÐNUM II, 190 VOGAR.**

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Upphitað geymsluhúsnæði á Suðurnesjum fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Uppl. í s. 865 1166.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

MOSFELLS BAKARÍ

**FULLT STARF - REYKJAVÍK**

Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Vinnutími frá kl. 13:00-18:30 virka daga einnig annanhvern laugardag eða sunnudag.

**Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

TOKYO sushi

**TOKYO SUSHI**

er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fljótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum.

1. Aðstoðarfólk til að vinna í eldhúsinu okkar í hluta starfi og fullu starfi.

2. Afgreiðslufólk í sal.

**Sendu okkur umsókn á tokyo@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn er á www.tokyo.is.**

Stúlka óskast til aðstoðar á heimili, í 105 Rvk, tvo eða þrjá morgna í viku. (Eða fyrir kl 14 á daginn) Alm heimilisstörf, þrif, þvottar og stundum umönnun 8 mán barns. Umsóknir sendist á ks@sogustund.is. Fram komi allar alm upplýsingar, ferilskrá og símanúmer.

Símaspjall? Heitar upptökur? Djarfar myndir? Góðar aukatekjur í boði fyrir flottar íslenskar konur, 20-40 ára. SexyIceland.com

Hressingarskálinn óskar eftir skemmtilegum matreiðslumanni í fullt starf. Endilega sendu umsókn á johanna@hresso.is

**PARTÝBÚÐIN - AFGREIÐSLUSTARF.**

Partýbúðin Faxafeni leitar starfskrafti til afgreiðslustarfa virka daga frá kl 10-18 næstu sex vikur með möguleika á framtíðarráðningu.
Þú þarft að vera eldri en 18 ára, glaðlynd og þjónustulunduð og geta hafið störf strax.

**Vinsamlega sendið umsoknir og/eða ferilskrá strax á partybudin@partybudin.is**

## atvinna

**SMIÐIR**
**VERKAMENN**
**MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU. HANDAFL EHF

**S. 777 2 333**

## fasteignir

**FJÁRFESTING FASTEIGNASALA EHF**
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

**17. Júnítorg 3 -**íbúð 0205




**Opið hús í dag á milli 17:30 og 18:00**

Glæsileg 127,9 fm. 3ja herb. íbúð á 2. hæð með góðum svölum og stæði í bílageymslu. Íbúðin að 17. Júnítorgi 3 í Garðabæ, húsi ætlað fólki 50 ára og eldri. Vandaðar innréttingar, fataskápar og hurðir úr eik. Anna sýnir íbúðina í dag, miðvikudag, milli 17:30 og 18:00

**Uppl. í síma 697-9231.**

## lausar byggingarlóðir



***Lóðir fyrir þjónustu og íbúðir í miðbæ Akureyrar sem snúa að Drottningarbraut:***

Austurbrú 2-4, 2 ½ hæð, byggingarmagn 2.569 fermetrar, 12 íbúðir.
Austurbrú 6-8, 2 ½ hæð, byggingarmagn 2.617 fermetrar, 12 íbúðir.
Austurbrú 10-12, 2 ½ hæð, byggingarmagn 2.524 fermetrar, 12 íbúðir.

Í skilmálum segir að húsin skuli vera tvær hæðir og portbyggt ris auk kjallara með bílageymslu.

Sjá frekari upplýsingar um þessar lóðir á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagdeild undir: Lausar byggingarlóðir.

**Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar**

www.akureyri.is Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Tilbreyting? Nú eru margar nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra með körlum á Rauða Torginu Stefnumót. Símar 905-2000 og 535-9920.

Kona, leitar þú að raunverulegri tilbreytingu? Notaðu Rauða Torgið, það er frítt og það virkar. Auglýstu núna í síma 535-9923

## fasteignir

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Efstaleiti 14 - Vönduð íbúð með útsýni.**



Einstaklega falleg og vönduð fjögurra herbergja 157 fm íbúð á þriðju hæð ásamt stæði lokaðri bílageymslu í Breiðablikshúsinu sem er trúlega glæsilegasta hús sinnar tegundar í Reykjavík. Tvennar svalir eru á íbúðinni. Mjög mikil og vönduð sameign, setustofur, samkomusalur m/eldhúsi fyrir allt að 60 manns, billiardstofa, líkamsrækt, gufubað, heitir pottar, sundlaug, sameiginleg geymsla og þvottaaðstaða. Húsvörður er með íbúð í húsinu og sér um daglegan rekstur sameignar og viðhald..

**Eignin er laus til afhendingar fljótlega.**

**Verð 49,0 millj.**

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Sverrir Kristinsson, löggiltur fasteignasali
**EIGNAMIÐLUN**
Frá 1957
Sala fasteigna í 55 ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

**Neshagi 7 - 0201 með aukaherbergi í risi**




Frábærlega staðsett 3-4ra herbergja 97,5 fm íbúð á 2. hæð í fallegu fjölbýli í Vesturbæ Rvk. Í risi er aukaherbergi sem fylgir og er það með aðgang að baðherb. og eldhúsi. Íbúðin sjálf er m.a. með tveimur svefnherb. og stofu. Suður svalir.

**Eignin verður sýnd miðvikud. 18.sept.**

**milli kl. 17:00 og kl. 18:00. V. 31,5 m.** 3152

**Framnesvegur - nýlegt hús.**



Glæsileg nýleg 127,5 fm 4ra herbergja hæð í þríbýlishúsi . Húsið var byggt 2003. Í íbúðinni eru tvö svefnherbergi og tvær stofur en auðvelt að hafa herbergin þrjú. Vandaðar innréttingar. Stórar svalir. Sér þvottahús. Góð staðsetning.

**V.40,9 millj.** 3163

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 6 | | | 4 | 1 | 3 |
| | 7 | | | | | | 5 | 6 |
| | | 1 | | | | | 8 | 9 |
| | | 5 | 9 | | | | 4 | |
| | | | | 3 | 8 | 6 | | 1 |
| | 9 | | 7 | 4 | | | | |
| | | 4 | | | | | | |
| 6 | | 9 | | 8 | 7 | 5 | 3 | |
| 7 | | | | 9 | 2 | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 3 | | 4 | | 2 | |
| | 1 | | | | 7 | | 9 | |
| 7 | 2 | 3 | | 9 | | 4 | | |
| | | 6 | | | | | 3 | |
| 5 | 9 | | 4 | | | 7 | 6 | |
| 1 | | 4 | | | | | | |
| | | | | 3 | 6 | | 1 | 9 |
| | 5 | | | 8 | | | | |
| | | | | | 9 | 8 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 4 | | | |
| 4 | | 2 | | 9 | | | | 3 |
| | | | 3 | | | | 2 | 4 |
| | 7 | 8 | | | | | | 2 |
| | 1 | | 4 | | | 7 | | |
| | | | 9 | | | | 6 | 8 |
| | | 4 | | 7 | 3 | | | 6 |
| | 5 | | 2 | | 6 | | | |
| | | 7 | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 5 | 7 | 4 | 1 | 9 | 3 | 6 | 2 |
| 2 | 9 | 4 | 3 | 5 | 6 | 7 | 1 | 8 |
| 3 | 1 | 6 | 8 | 2 | 7 | 9 | 4 | 5 |
| 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 2 | 6 | 8 | 1 |
| 1 | 8 | 3 | 6 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 9 | 8 | 1 | 4 | 3 | 7 |
| 7 | 2 | 5 | 1 | 4 | 3 | 8 | 9 | 6 |
| 6 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 1 | 7 | 3 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 2 | 6 | 8 | 4 | 3 | 1 | 5 |
| 1 | 5 | 4 | 9 | 3 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 8 | 3 | 6 | 5 | 1 | 2 | 4 | 9 | 7 |
| 3 | 2 | 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 4 | 1 |
| 4 | 6 | 5 | 8 | 9 | 1 | 7 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 | 5 | 8 | 6 |
| 5 | 4 | 9 | 1 | 7 | 8 | 6 | 3 | 2 |
| 2 | 1 | 7 | 3 | 4 | 6 | 8 | 5 | 9 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 6 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 4 | 2 | 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 6 | 7 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 7 | 3 | 9 | 2 | 4 |
| 6 | 8 | 5 | 1 | 4 | 2 | 7 | 9 | 3 |
| 7 | 3 | 4 | 5 | 6 | 9 | 8 | 1 | 2 |
| 1 | 9 | 2 | 3 | 8 | 7 | 5 | 4 | 6 |
| 8 | 4 | 9 | 7 | 3 | 6 | 2 | 5 | 1 |
| 2 | 5 | 7 | 4 | 1 | 8 | 6 | 3 | 9 |
| 3 | 6 | 1 | 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

Vísindi án trúar eru hölt en trú án vísinda er blind.

*Albert Einstein*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** tilfinninganæmur, **6.** í röð, **8.** vafi, **9.** kann, **11.** sprikl, **12.** sannfæringar, **14.** Beitisigling, **16.** fisk, **17.** hljóð svína, **18.** efni, **20.** ekki heldur, **21.** handa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** lítið, **3.** tveir eins, **4.** yfirlit, **5.** reik, **7.** sjúkdómur, **10.** ferð, **13.** drulla, **15.** bakhluti, **16.** beita, **19.** umhverfis.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** meyr, **6.** áb, **8.** efi, **9.** get, **11.** ið, **12.** trúar, **14.** kruss, **16.** ál, **17.** rýt, **18.** tau, **20.** né, **21.** arma.
**LÓÐRÉTT: 1.** lágt, **3.** ee, **4.** yfirsýn, **5.** rið, **7.** berklar, **10.** túr, **13.** aur, **15.** stél, **16.** áta, **19.** um.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Skáksveit Rimaskóla varð um síðustu helgi Norðurlandameistari grunnskólasveita. Jón Trausti Harðarson hafði svart gegn norskum andstæðingi.**

**Svartur á leik**



16...Da5! 17. Ra4? (skást var 17. Rc4) 17...Hh1+ 18. Ke2 Hxd1 og svartur vann örugglega. Lið Norðurlandameistaranna skipuðu Dagur Ragnarsson, Oliver Aron Jóhannesson, Jón Trausti Harðarson, Nansý Davíðsdóttir og Kristófer Jóel Jóhannesson. Hjörvar Steinn Grétarsson var liðsstjóri. **www.skak.is.** Önnur umferð Gagnaveitumótsins fer fram í kvöld.

# Stuðmaður fagnar plötuútgáfu

## Ásgeir Óskarsson trommuleikari heldur útgáfutónleika í Hörpunni í kvöld.

„Ég byrjaði að vinna í plötunni fyrir fimm eða sex árum en mesta vinnan var unnin á endasprettinum eins og gerist oft,“ segir Ásgeir Óskarsson trommuleikari, sem gaf út sína fjórðu sólóplötu í sumar. Hann kemur fram á útgáfutónleikum í Hörpu í kvöld ásamt stórri hljómsveit.

Á meðal þeirra sem koma fram með Ásgeiri eru Andrea Gylfadóttir, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Egill Ólafsson, Rúnar Þór og Björgvin Ploder.

Á plötunni eru eingöngu lög eftir Ásgeir sjálfan og útsetti hann jafnframt öll lögin. Höfundar textanna eru hins vegar ýmsir en meðal textahöfunda eru þeir Magnús Þór Sigmundsson og Ingólfur Steinsson.

Upptökur fóru að mestu fram í heimastúdíói Ásgeirs en einnig að hluta í Hljóðsmiðjunni í Hveragerði.

Ásgeir, sem er líklega þekktastur fyrir það að vera trommuleikari Stuðmanna og Þursaflokksins, hefur einnig spilað inn á fjölda platna fyrir hina ýmsu listamenn og hefur verið einn ástsælasti trymbill landsins í fjölda ára. Miðasala á tónleikana fer fram á Midi.is

-glp



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í KVÖLD** Ásgeir Óskarsson, trommari Stuðmanna, fagnar útgáfu plötu sinnar í Hörpu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tvö ár í Las Vegas

## Britney Spears hefur gert samning við Planet Hollywood-hótelið og kemur þar fram næstu tvö árin.

Poppstjarnan Britney Spears hefur gert tveggja ára samning við Caesars Entertainment um að koma fram á tónleikaröð á Planet Hollywood-hótelinu í Las Vegas. Söngkonan, sem flutti okkur smelli á borð Baby One More Time og Toxic, mun koma fram á fimmtíu tónleikum ári og hefst tónleikaröðin 27. desember næstkomandi.

Í viðtali við sjónvarpsþáttinn Good Morning America sagðist söngkonan njóta þess að vera í Las Vegas og að þar væri mikil orka. Hún hyggst flytja alla sína helstu smelli á tónleikaröðinni en muni einnig taka nýtt efni. Með þessu fetar hin 31 árs gamla Spears í fótspor listamanna á borð við Celine Dion og Elton John, sem bæði hafa gert sams konar samninga.

Ekki hefur komið fram hversu háa upphæð söngkonan fær fyrir vinnu sína en talið er að Dion hafi hlotið um 12 milljarða króna að launum fyrir þriggja ára samning.



**TVÖ ÁR Í VEGAS** Britney Spears hefur gert tveggja ára samning við Planet Hollywood-hótelið í Las Vegas. NORDICPHOTOS/GETTY



**ÚTGÁFUTÓNLEIKAR** Hljómsveitin 1860 heldur útgáfutónleika á morgun. MYND/ÞORMAR VIGNIR GUNNARSSON

# Fagnar annarri breiðskífu

Hljómsveitin 1860 sendi nýlega frá sér sína aðra breiðskífu sem ber nafnið Artificial Daylight. Platan inniheldur meðal annars lagið Íðilfagur sem hefur fengið að hljóma títt á flestum útvarpsstöðvum landsins.

Í tilefni útgáfunnar verður hljómsveitin með veglega tónleika annað kvöld í Iðnó. Tónlistarmaðurinn Smári Tarfur hitar upp en húsið verður opnað klukkan 21. Forsala miða er hafin á midi.is

# The Killers með safnplötu

Hljómsveitin The Killers hefur tilkynnt um útgáfu sinnar fyrstu safnplötu. Hún nefnist Direct Hits og kemur út 11. nóvember. Fimmtán lög verða á plötunni, þar af tvö ný: Just Another Girl og Shot At The Night. „Þessi plata er góð leið til að hreinsa allt saman upp og horfa svo til næsta verkefnis,“ sagði söngvarinn Brandon Flowers við NME. Síðasta plata The Killers, Battle Born, kom út í fyrra.



**BRANDON FLOWERS** The Killers gefur út safnplötu á næstunni. NORDICPHOTOS/GETTY

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE

Rakarastofan Klapparstíg
S: 5513010



BANNER STARTGEYMAR
Í FLESTAR GERÐIR FARARTÆKJA
Banner startgeymar í allar stærðir ökutækja t.d. mótorhjól, fjórhjól, vélsleða, dráttarvélar, vörubíla, vinnuvélar, jeppa og fólksbíla.
Eigum einnig til start- og neyslugeyma fyrir báta, fellihýsi og hjólhýsi.
Banner geymar eru framleiddir í evrópu.
N1 VERSLANIR | N1 BÍLAÞJÓNUSTA | SÍMI 440 1100 | WWW.N1.IS
N1 Meira í leiðinni



Voltaren
Fæst án lyfseðils
Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ

# Pastellitir og hnésítt í New York

Fatahönnuðir sýndu vor- og sumarlínuna 2104 á nýafstaðinni tískuviku. Á tískupöllunum mátti sjá marga af fremstu hönnuðum vestanhafs en meðal þeirra eru Zac Posen, Oscar de la Renta, Marc Jacobs og Vera Wang.



**MARC BY MARC JACOBS** Töffaralegur stíll.

**MARC BY MARC JACOBS** Silkiefni og pastellitir voru áberandi.

**VERA WANG** Sinnepsgulur sást víða.

**OSCAR DE LA RENTA** Sterkir litir.

**ZAC POSEN** Rómantískt.

**ZAC POSEN** Sixtís pils áberandi.




# PHILIPS
# HÁGÆÐA TÖLVUSKJÁIR

## 50.000 KRÓNA AFSLÁTTUR !

27" Philips skjár fyrir grafíska hönnun, myndvinnslu eða CAD teikniforrit. Einstök litadýpt með PLS Quad HD CrystalClear tækni. 2560x1440 punkta upplausn, hátalarar í skjá og 2MP vefmyndavél. MultiView til að tengja tvö tæki inn á skjáinn samtímis.

Afslátturinn gildir aðeins í nokkra daga eða meðan birgðir endast.




**119.990**

ÁÐUR KR. 169.990

PHS-272C4QPJKAB




PHS-221S3UCB

### USB SKJÁR

Hinn fullkomni aukaskjár fyrir fartölvur. Tengist eingöngu með USB, þarf ekki rafmagnssnúru. Standur kemur með skjánum og notar hann einungis 9W.

**29.990**




PHS-239C4QHSB

### 23" IPS LED SKJÁR

Örþunnur og glæsilegur skjár. IPS panel fyrir víðari sjónarhorn og betri liti. HDMI tengi fyrir háskerpugæði og snertihnappar fyrir stýringar.

**36.990**




PHS-246V5LSB

### VINSÆLI 24" KOMINN AFTUR

24" LED Full HD skjár með 10.000.000:1 skerpuhlutfall og 5ms svartíma. Tekur bæði VGA og DVI merki. Mjög orkuvænn.

**34.990**

## PHILIPS

Að velja vandaðan skjá skiptir miklu máli til að fullnýta möguleika tölvunnar. Góður skjár skilar ljósmyndunum þínum og myndböndum í bestu gæðum. Philips eru heimsþekktir fyrir vandaða skjái og sjónvörp. Þeir eru glæsilega hannaðir og hafa reynst viðskiptavinum okkar mjög vel. Gæði sem borga sig.




**OPIÐ**

Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

tl.is

TÖLVU LISTINN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

# Óttinn við óværuna

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég renndi kambinum gegnum óstýrilátan flókann og rýndi í. Var eitthvert líf þarna að sjá? Ég var ekki viss og hélt áfram að kemba. Passaði mig á að sleppa ekki einum einasta lokki, byrjaði við rót og renndi til enda. Umkvartanir eiganda lokkanna hafði ég að engu en mundaði kambinn aftur og aftur. Þetta yrði ekki auðvelt verk.

**FYRR** um daginn höfðu mér borist tvær tilkynningar í tölvupósti með stuttu millibili. Önnur frá grunnskóla og hin frá leikskóla. Yfirskriftin var sú sama: Lús! Í tilkynningunum var mælst til að nákvæm leit yrði framkvæmd í hausum og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef sæist til óværunnar. Þetta þýddi tveggja hausa leit á mínu heimili, allavega til að byrja með, og ég þakkaði fyrir að annar þeirra var að minnsta kosti stutthærður. Ég byrjaði því á þeim síðhærðari eftir að hafa lesið vandlega leiðbeiningar á vefsíðu landlæknis.

**PAR** las ég að lúsin gæti verið tveir til þrír millimetrar að lengd, eða líkt og sesamfræ að stærð, sem var öllu stærra en ég hafði gert mér í hugarlund. Hún hefði einnig klær, sérhannaðar til að komast um í hárinu og gæti skriðið 6-30 sentimetra á mínútu! Það var hraðar en ég hafði gert mér í hugarlund. Hún sygi blóð úr hársverðinum og verpti eggjum sem hún límdi við hárin rétt við hársvörðinn. Fullþroska lús gæti verpt tíu eggjum á dag! Að sex til tíu dögum liðnum gætu eggin klakist út og fleiri lýs hafið sníkjulíf sitt í hárinu og haft það gott!

**ÉG** hryllti mig við hverja stroku sem kamburinn rann. Gat ekkert að því gert. Átti von á að verða bitin í fingurna á hverri stundu, pírði augun, ef kvikindið skyldi nú stökkva! Það biði færis, að læsa í mig sérhæfðum klónum!

**PAÐ** skipti engu máli þótt ég hefði líka lesið á landlæknissíðunni að lúsin gæti alls ekki stokkið. Það skipti heldur engu máli að ekki sást vottur af lús í hausunum tveimur að kembingu lokinni. Mig var farið að klæja.

# Tíunda RIFF-hátíðin

## Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík, RIFF, hefst á fimmtudaginn í næstu viku.

Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, hefst fimmtudaginn 26. september með frumsýningu á nýrri íslenskri mynd, Svona er Sanlitun, í leikstjórn Róberts Douglas.

Hátíðinni, sem er sú tíunda í röðinni, lýkur 6. október með sýningu Lífs Adele, sem fékk Gullpálmann í Cannes.

Miðasala hefst fimmtudaginn 19. september á Riff.is. Hátíðin hefur stækkað ört á undanförnum árum og fara sýningar fram í stórum sölum í Háskólabíói, Tjarnarbíói og í Norræna húsinu. Auk þess verður kvikmyndadagskrá RIFF úti um alla borg í litlum verslunum, á hárgreiðslustofum og hótelum undir nafninu RIFF Around Town. Þá teygir verkefnið RIFF úti á landi sig út um allt Ísland.

Margar glænýjar myndir verða sýndar á hátíðinni eftir þekkta leikstjóra á borð við Jonathan Demme og Lukas Moodysson. Einnig verða sýndar framsæknar myndir eftir nýja leikstjóra sem keppa um Gyllta lundann.

Á meðal mynda í ár eru Nestisboxið, sem sló í gegn á Cannes-hátíðinni í vor, Aðeins elskendur eftirlifandi eftir Jim Jarmusch og Snertur af synd eftir hinn kínverska leikstjórann Jia Zhangke. Einnig verða fimm grískar myndir sýndar.



**RIFF AÐ HEFJAST** Undirbúningur hefur verið í fullum gangi fyrir RIFF-kvikmyndahátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Hundrað myndir frá fjörutíu löndum

RIFF sýnir í ár hátt í eitt hundrað myndir í fullri lengd, bæði leiknar og heimildarmyndir, auk fjölda stuttmynda. Myndirnar koma frá yfir fjörutíu löndum. Á annað hundrað erlendir gestir úr kvikmyndaheiminum eru væntanlegir til landsins í tengslum við hátíðina.


SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| PARANOIA VIP | KL. 5:50 - 8 | VIP |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| AULINN ÉG ENS TAL 2D | KL. 8 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| THE CONJURING VIP | KL. 10:20 | VIP |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE BLING RING | KL. 10:20 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 - 10:20 | L |
| CITY OF BONES | KL. 8 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:40 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| PARANOIA | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:20 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| KICK-ASS 2 | KL. 10:30 | 16 |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8:20 - 10:30 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 5:40 | 12 |
| THE CONJURING | KL. 10:30 | 16 |
| FLUGVÉLAR ÍSL TAL 3D | KL. 5:50 | L |
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 | 12 |
| KVIKMYNDADAGAR 11. - 26. SEPTEMBER | | |
| MUD ÓTEXTUÐ | KL. 10:20 | 12 |
| MIDNIGHT'S CHILDREN ÓTEXTUÐ | KL. 5 | 12 |
| TO THE WONDER ÓTEXTUÐ | KL. 8 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| PARANOIA | KL. 8 | 12 |
| CITY OF BONES | KL. 10 | 12 |
| MALAVITA | KL. 10:20 | 16 |
| ÖLLI | KL. 8 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| AULINN ÉG 2 2D LÚXUS | KL. 3.20 | L |
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 3.30 | L |
| MALAVITA / MALAVITA LÚXUS | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| BLUE JASMIN | KL 5.45 - 10.15 | 10 |
| THIS IS US 3D | KL 5.45- 8 | L |
| FLUGVÉLAR 2D ÍSL TAL | KL 3.30 | L |
| ELYSIUM | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 5.40 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ 5%

| | | |
|---|---|---|
| BLUE JASMIN | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| AULINN ÉG 2 2D | KL. 5.45 | L |
| DESPICABLE ME 2 2D | KL. 8 | L |
| ÖLLI HEIMILDAMYND | KL. 5.30 | L |
| HROSS Í OSS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| ELYSIUM | KL. 10.20 | 16 |
| PERCY JACKSON | KL. 8 | 10 |
| 2 GUNS | KL. 10.15 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 3D | KL. 6 | L | | | |
| BLUE JASMIN | KL. 8 | 10 | MALAVITA | KL. 8 - 10 | 16 |
| THIS IS US 3D | KL. 6 | 10 | JOBS | KL. 10 | 12 |

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.30 3D | L |
| AULINN ÉG 2 - ÍSL | 5.50 2D | L |
| DESPICABLE ME 2 - ENS | 5.50, 8 2D | L |
| THE WORLD'S END | 8 | 16 |
| MALAVITA | 8, 10.20 | 16 |
| JOBS | 10.10 | 12 |
| KICK ASS 2 | 10.20 | 16 |

LYFJA – Lífið heil
www.lyfja.is




Vitabiotics
Frábær vítamín fyrir börn og unglinga

Fyrir þig í Lyfju

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ SÝNINGARTÍMA Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas




# BIOTHERM KYNNING

## Í LYFJU LÁGMÚLA OG LAUGAVEGI

MIÐVIKUDAGINN 18. TIL FÖSTUDAGS 20. SEPTEMBER

**25%** afsláttur af öllum BIOTHERM vörum á kynningu.

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Biotherm vörur fyrir 7.900 kr. eða meira.

- Aquasource rakakrem 15 ml
- Aqasource næturkrem 15 ml
- Biosource andlitshreinsir 20 ml
- Lait Corporel húðmjólk 125 ml
- Eau Océane ilmur 1,5 ml

*Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Gildir ekki með öðrum tilboðum.




LYFJA
- Lifið heil

Lágmúla 5 – sími 533 2309 - Laugavegi 16 – sími 552 4045

## Falla Skagamenn í kvöld?

Þetta er sannkallaður fallbaráttumiðvikudagur því fjögur neðstu liðin í Pepsi-deild karla mætast innbyrðis í kvöld. Botnlið Skagamanna verður helst að vinna sinn leik því tapi liðið á heimavelli á móti Víkingum og Þór tekur stig á heimavelli á móti Keflavík mun ÍA-liðið falla úr úrvalsdeildinni um sjöleytið. Báðir leikir hefjast klukkan 17.00.

Ólafsvíkur-Víkingar verða helst að ná í þrjú stig á Akranesi í kvöld í baráttu sinni fyrir að spila áfram í deildinni en þrátt fyrir að Víkingsliðið hafi aðeins tapað tvisvar í síðustu ellefu leikjum sínum hafa strákarnir hans Ejub Purisevic ekki unnið leik síðan 22. júlí.

Þór og Keflavík koma á ólíkri ferð inn í leik liðanna á Þórsvelli. Þór vann síðast 3. júlí (fjögur stig í síðustu níu leikjum) en Keflvíkingar hafa aftur á móti náð í 13 stig út úr síðustu sjö leikjum sínum.



## Kolbeinn og félagar mæta í sögulegan leik í Barcelona

**FÓTBOLTI** Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax hefja leik í Meistaradeildinni í kvöld. Verkefni kvöldsins er ekki af auðveldari gerðinni fyrir Ajax því liðið heimsækir Barcelona á Nývang. Íslenski landsliðsframherjinn verður væntanlega í fremstu víglínu hollenska liðsins í kvöld en Kolbeinn var vonandi bara hvíldur um síðustu helgi þegar hann byrjaði í fyrsta sinn á bekknum á tímabilinu.

Kolbeinn náði aðeins að spila tvo fyrstu leiki hollenska liðsins í Meistaradeildinni í fyrra og missti þá bæði af því að spila við enska stórliðið Manchester City og mæta Real Madrid á Santiago Bernabéu. Hann á enn eftir að skora sitt fyrsta Meistaradeildarmark og ekki væri slæmt ef það dytti inn á Nývangi í kvöld.

Ajax og Barcelona eiga sér bæði mikla sögu og sá sem tengir þó félögin fremur en einhver annar er Johan Cruyff, sem gerði frábæra hluti á báðum stöðum bæði sem leikmaður og þjálfari.

Þrátt fyrir þessi tengsl og velgengni beggja félaga í gegnum tíðina verður leikurinn í kvöld sá fyrsti þeirra á milli í sögu Evrópukeppninnar.

Allir leikirnir hefjast klukkan 18.45 en á undan verður Hjörtur Hjartarson með upphitun á Stöð 2 Sport. Barcelona - Ajax verður í beinni á Stöð 2 Sport en á sama tíma er hægt að horfa á Marseille - Arsenal á S2 Sport 3 og Chelsea - Basel á S2 Sport 4. Hjörtur verður síðan með Meistaramörkin eftir leikina þar sem öll mörk kvöldsins verða sýnd. **- óój**



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** Bíður eftir fyrsta markinu sínu í Meistaradeildinni. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY



**PRÓFIÐ** Ólafur Stefánsson er að hefja þjálfaraferil sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Mikil pressa á Ólafi í vetur

**HANDBOLTI** Spá formanna, þjálfara og fyrirliða fyrir átökin í Olís-deild karla og kvenna var í gær kynnt og er lærisveinum Ólafs Stefánssonar í Val spáð Íslandsmeistaratitlinum í handknattleik árið 2014. Liðið barðist ötullega um sæti sitt í efstu deild á síðasta tímabili en nú er landslagið annað og Valsmönnum spáð titlinum.

„Ég hef lítið hugsað út í þessa spá en það er fínt fyrir okkur að finna fyrir smá pressu," segir Ólafur Stefánsson, þjálfari Vals. „Strákarnir eiga skilið að vita hversu góðir þeir eru, það er mín heimspeki að þegar þú veist hversu góður þú ert og getur orðið áttu eftir að ná mestum árangri."

Stjörnunni er spáð titlinum í kvennaflokki. „Þetta hefur legið í loftinu en við erum með rosalega gott lið og því ekki skrítið að okkur sé spáð góðu gengi," sagði Hanna Guðrún Stefánsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar. **- sáp**

# Var að pakka Mörtu saman

Katrín Jónsdóttir fær kveðjuleik á Laugardalsvellinum því Freyr Alexandersson, þjálfari kvennalandsliðsins, valdi hana í fyrsta hópinn sinn. Sex Stjörnustelpur eru með en tveir ungir framherjar voru ekki valdir.

**FÓTBOLTI** Freyr Alexandersson valdi í gær fyrsta landsliðshópinn og þó svo að nýi maðurinn í brúnni geri ekki miklar breytingar á hópnum eru það samt fimm leikmenn úr EM-hópnum sem eru ekki með að þessu sinni. Freyr velur 21 leikmann að þessu sinni þar sem það er óvissa með þátttöku Sifjar Atladóttur, sem er tæp vegna meiðsla.

Það bjuggust flestir við að Katrín Jónsdóttir yrði ein af EM-stelpunum sem yrðu ekki með á móti Sviss, enda leit út fyrir að hún hefði spilað sinn síðasta landsleik á EM í Svíþjóð í sumar.

„Katrín er í hörkustandi. Spilaði gegn Tyresö í gær og pakkaði Mörtu saman að eigin sögn," sagði Freyr léttur á fundinum í gær. Umeå náði þá 2-2 jafntefli á móti Tyresö en hin brasilíska Marta hefur fimm sinnum verið kosin besta knattspyrnukona heims.

„Kata er „mótiveruð" til að spila leikinn. Af hverju ekki að spila þennan leik? Síðasti leikur á heimavelli," sagði Freyr um valið á Katrínu en hann var einnig að íhuga það að velja Eddu Garðarsdóttur í hópinn. „Ég ræddi við hana fyrir viku. Ég var að vonast til þess að hún reyndi að taka eitt tímabil í viðbót. Þegar við fórum yfir hennar meiðslasögu var ljóst hve erfitt þetta var fyrir hana. Við kveðjum góðan leikmann," sagði Freyr.

Hann vill gefa sér tíma í að velja nýjan fyrirliða.

„Það eru margar sem koma til greina. Það kemur í ljós fyrir Serbíuleikinn," sagði Freyr.

Guðný Björk Óðinsdóttir, Elín Metta Jensen, Þórunn Helga Jónsdóttir, Elísa Viðarsdóttir og Soffía Gunnarsdóttir voru með í Svíþjóð en eru ekki með núna. Í stað þeirra koma inn í hópinn þær Anna María Baldursdóttir (Stjörnunni), Greta Mjöll Samúelsdóttir (Breiðabliki) og Ásgerður S. Baldursdóttir (Stjörnunni).

Freyr velur ekki ungu framherjana Elínu Mettu Jensen hjá Val og Söndru Maríu Jessen hjá Þór/KA. „Bæði Elín Metta og Sandra hafa átt erfitt tímabil og þær hafa ekki náð að sýna sitt rétta andlit. Ég held að það sé betra fyrir þær að fara með U19 og skora mörk og ná sér vel á strik. Svo endurmetum við þeirra stöðu eftir Sviss og fyrir leikinn gegn Serbíu," sagði Freyr.

Hann ætlar sér að nota Hörpu Þorsteinsdóttur sem framherja og segist ekki vera búinn að velja aðalmarkvörð liðsins. „Við erum heppin að vera með þrjá frábæra markverði. Við tökum stöðuna þegar við hittum þær. Það er engin örugg með stöðuna," segir Freyr. Hvað með sóknarmenn liðsins?

„Ég get alveg búið til pláss fyrir tvo framherja stundum en ekki alltaf. Við erum heppin að í þessum hóp erum við með Margréti Láru og Hörpu í þrusuformi," sagði Freyr.

ooj@frettabladid.is, kolbeinntumi@frettabladid.is



**132 LANDSLEIKIR** Katrín Jónsdóttir mun klæðast landsliðstreyjunni einu sinni enn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VILL BARA EINA ÆFINGU Á DAG** Freyr Alexandersson á fundinum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fyrsti landsliðshópurinn:

**Markmenn:** Þóra Björg Helgadóttir (Malmö), Guðbjörg Gunnarsdóttir (Avaldsnes), Sandra Sigurðardóttir (Stjörnunni)

**Varnarmenn:** Katrín Jónsdóttir (Umeå), Ólína Viðarsdóttir (Val), Rakel Hönnudóttir (Breiðabliki), Sif Atladóttir (Kristianstad), Glódís Perla Viggósdóttir, Anna María Baldursdóttir og Anna Björk Kristjánsdóttir, (Stjörnunni)

**Miðjumenn:** Dóra María Lárusd. (Val), Hólmfríður Magnúsd. (Avaldsnes), Sara Björk Gunnarsd.(Malmö), Katrín Ómarsd. (Liverpool), Hallbera Gíslad. (Pitea), Dagný Brynjarsd. (Val), Greta Mjöll Samúelsd. (Breiðabliki), Ásgerður S. Baldursd. (Stjörnunni).

**Sóknarmenn:** Margrét Lára Viðarsdóttir (Kristianstad), Fanndís Friðriksdóttir (Kolbotn) og Harpa Þorsteinsdóttir, Stjörnunni.




ALLTAF EITTHVAÐ SPENNANDI
fyrir alla fjölskylduna

# Með **Skemmtipakkanum** færðu mikið fyrir lítið!

Með Skemmtipakkanum færðu aðgang að Stöð 2 og frábæru vetrardagskránni sem skartar fjölmörgum nýjum íslenskum þáttum ásamt erlendum þáttum og kvikmyndum í sérflokki. Skemmtipakkinn opnar þér jafnframt aðgang að fimm öðrum stöðvum, aðgang að Tónlist.is í þrjá mánuði og Stöð 2 Vild.

**Margfalt meiri skemmtun** á aðeins

**7.990 kr.**

- **STÖÐ 2**
  Engin sjónvarpsstöð á Íslandi frumsýnir daglega fleiri þætti og bíómyndir en Stöð 2. Fréttir og meiri íslensk dagskrárgerð en nokkru sinni fyrr.
- **STÖÐ 3**
  Ný og fersk stöð með erlent gæðaefni í bland við nýtt íslenskt.
- **KRAKKASTÖÐIN**
  Talsett barnaefni daglega frá morgni til kvölds á sérstakri barnastöð. Barnakvikmynd alla daga klukkan 19:00.
- **BÍÓSTÖÐIN**
  Frábærar kvikmyndir, allan sólarhringinn.
- **GULLSTÖÐIN**
  Klassískir innlendir og erlendir sjónvarpsþættir.
- **POPPTÍVÍ**
  Tónlistarmyndbönd eins og þú getur í þig látið.
- **TÓNLIST.IS**
  Öll íslensk og erlend tónlist á einum stað, þriggja mánaða aðgangur með áskrift.
- **VILD**
  Með aðgangi að Vild getur fjölskyldan hæglega sparað sem nemur mánaðaráskrift.

*margfalt skemmtilegri!*

FÍTON / SÍA




**SKELLTU ÞÉR Á SKEMMTIPAKKANN!**
Þú greiðir ekkert fyrir það sem eftir er af september!

**Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is**

# DAGSKRÁ

## Sjónvarpið kl. 21.15
### Kiljan

Í þættinum Kiljunni, sem er í umsjón Egils Helgasonar, er fjallað um bækur úr ýmsum áttum og af öllum toga. Gagnrýnendur þáttarins segja álit sitt á nýútgefnum verkum og Bragi Kristjónsson bókakaupmaður segir frá forvitnilegum bókum og fólki.



## Í KVÖLD



### 2 Broke Girls
**STÖÐ 2 KL. 20.25** Við fyrstu sýn virðast Max og Caroline eiga fátt sameiginlegt en við nánari kynni komast þær að því að þær eiga meira sameiginlegt en fólk gæti haldið og þær leiða saman hesta sína til að láta sameiginlegan draum rætast.

**TV.COM** 7,5 **IMDb** 6,7



### Gordon Behind Bars
**SKJÁR EINN KL. 20.20** Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér á bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess að kosta of miklu til.

**TV.COM** 10 **IMDb** 8,1



### Læknamiðstöðin
**SJÓNVARPIÐ KL. 20.00** Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Benjamin Bratt og Paul Adelstein.

**TV.COM** 8,4 **IMDb** 5,8

## Bylgjan kl 13.00
### Rúnar Róberts

Rúnar er í loftinu á milli 13 og 16 alla virka daga. Rúnar fylgist með því sem er að gerast í þjóðlífinu hverju sinni og kíkir á sportið, ásamt því að gefa þér vænan skammt af góðri Bylgjutónlist til að stytta þér stundirnar við vinnuna.







KOLBEINN OG MESSI MÆTAST!

**Leikirnir verða ekki mikið stærri fyrir Kolbein Sigþórs og félaga í Ajax þegar þeir mæta ógnarsterkum Börsungum á Nou Camp. Það er flott fótboltakvöld fram undan í sterkustu deild í heimi!**

ÍKVÖLD

| | | |
|---|---|---|
| Upphitun | SPORT | 18:00 |
| Barcelona–Ajax | SPORT | 18:30 |
| Chelsea–Basel | SPORT 3 | 18:35 |
| Marseille–Arsenal | SPORT 4 | 18:35 |
| Meistaramörk | SPORT | 20:45 |

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

SPORT
*besta sætið*


## STÖÐ 2

**06.15 How I Met Your Mother**
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm in the Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Glee** *(12:22)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(5:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen - í nýju ljósi** *(6:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(5:16)*
**14.10 Chuck** *(14:24)*
**14.55 Last Man Standing** *(11:24)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(6:23)*
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen** *(47:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(18:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Ríkið** *(3:10)*
**19.40 The Big Bang Theory** *(20:24)*
**20.05 Heimsókn**
**20.25 2 Broke Girls** *(16:24)*
**20.50 Drop Dead Diva** *(2:13)*
**21.35 Mistresses** *(7:13)*
**22.20 Miami Medical** *(13:13)*
**23.05 Rogue**
**00.35 NCIS. Los Angeles** *(5:24)*
**01.15 Person of Interest** *(7:22)*
**02.00 Breaking Bad**
**02.45 Savage Grace**
**04.20 Honeydripper**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin -** meistaramörk
**11.45 Meistaradeild Evrópu.** FC Copenhagen - Juventus
**13.30 Meistaradeild Evrópu.** Man. Utd. - Bayer Leverkusen
**15.15 Meistaradeild Evrópu.** Bayern München - Moscow
**17.00 Meistaradeildin -** meistaramörk
**17.30 Meistaradeild Evrópu -** fréttaþáttur
**18.00 Meistaradeildin -** upphitun
**18.30 Meistaradeild Evrópu.** Barcelona - Ajax Bein útsending
**20.45 Meistaradeildin -** meistaramörk
**21.30 Meistaradeild Evrópu.** Marseille - Arsenal
**23.25 Meistaradeildin -** Chelsea - Basel
**01.20 Meistaradeildin -** meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2013**
**16.35 Aston Villa - Newcastle**
**18.15 Stoke - Man. City**
**19.55 Ensku mörkin -** úrvalsdeildin *(4:40)*
**20.50 Messan**
**21.50 Man. Utd. - Crystal Palace**
**23.30 Everton - Chelsea**

## ÍNN

**20.00** Árni Páll **20.30** Tölvur ,tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## STÖÐ 3

**14.55 The X-Factor US** *(1:26)*
**15.40 The X-Factor US** *(2:26)*
**17.05 The Choice** *(1:6)*
**17.55 Bunheads** *(1:18)*
**18.40 Bob's Burgers** *(2:13)*
**19.00 Junior Masterchef Australia** *(2:16)*
**19.50 Cherry Healy. How to Get a Life** *(2:6)*
**20.50 Outlaw** *(2:8)*
**21.30 Damages** *(2:10)*
**22.20 2+6** *(2:8)* Ögrandi, fræðandi og áhugaverður þáttur þar sem ungt fólk kynnir sér ýmsa þætti kynlífs á Íslandi.
**22.50 Shameless** *(1:12)*
**23.50 Banshee** *(1:10)*
**00.50 Junior Masterchef Australia**
**01.40 Cherry Healy. How to Get a Life**
**02.40 Outlaw**
**03.20 Damages**
**04.10 2+6**
**04.35 Tónlistarmyndbönd**

## krakkar

**07.00** Könnuðurinn Dóra **07.24** Svampur Sveinsson **07.46** Elías **07.58** Áfram Diego, áfram! **08.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.44** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Latibær **09.24** Strumparnir **09.49** Hvellur keppnisbíll **10.00** Lukku láki **10.24** Ofurhundurinn Krypto **10.46** Hello Kitty **11.00** Könnuðurinn Dóra **11.24** Svampur Sveinsson **11.46** Elías **11.58** Áfram Diego, áfram! **12.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.44** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Latibær **13.24** Strumparnir **13.49** Hvellur keppnisbíll **14.00** Lukku láki **14.24** Ofurhundurinn Krypto **14.46** Hello Kitty **15.00** Könnuðurinn Dóra **15.24** Svampur Sveinsson **15.46** Elías **15.58** Áfram Diego, áfram! **16.22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.44** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Latibær **17.24** Strumparnir **17.49** Hvellur keppnisbíll **18.00** Lukku láki **18.24** Ofurhundurinn Krypto **18.46** Hello Kitty **19.00** Búi og Símon

## GULL

**18.05 Strákarnir**
**18.30 Friends**
**18.50 Seinfeld** *(8:13)*
**19.15 The Big Bang Theory** *(6:23)*
**19.35 Two and a Half Men** *(15:16)*
**20.00 Einu sinni var** *(22:22)* Þáttur þar sem ýmsir fréttnæmir atburðir Íslandssögunnar, stórir eða smáir, eru teknir til frekari skoðunar.
**20.25 Örlagadagurinn** *(16:30)*
**21.00 Cold Feet** *(7:8)*
**21.50 Prime Suspect** *(1:2)*
**23.35 Einu sinni var** *(22:22)*
**00.00 Örlagadagurinn** *(16:30)*
**00.35 Cold Feet** *(7:8)*
**01.25 Prime Suspect** *(1:2)*
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.20 October Sky**
**14.05 Sumarlandið**
**15.25 Margin Call**
**17.10 October Sky**
**18.55 Sumarlandið**
**20.15 Margin Call**
**22.00 X-Men**
**00.10 Safe House**
**02.05 Moon**
**03.40 X-Men**

## RÚV

**16.50 Golfið**
**17.20 Friðþjófur forvitni** *(7.10)* *(Curious George)*
**17.50 Geymslan** *(18:28)* Fjölbreytt og skemmtilegt barnaefni.
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Á götunni** *(3:8) (Karl Johan)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Læknamiðstöðin** *(9:13) (Private Practice VI)* Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.45 Krabbinn** *(2:8) (The Big C IV)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn.
**21.15 Kiljan Bókaþáttur Egils Helgasonar.**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Á valdi vélanna – Hjartað kalda** *(1:3) (All Watched Over By Machines of Loving Grace)* Breskur heimildamyndaflokkur eftir Adam Curtis.
**23.15 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands -** Monika Monika hefur alltaf verið fyrirmyndarsamfélagsþegn en streitist á móti þegar fullkomnunin er algjör. Hún heldur í andlegt ferðalag sem tekur á, en er að lokum vel þess virði.
**23.30 Kvöldstund með Jools Holland** *(Later with Jools Holland)*
**00.35 Kastljós**
**01.00 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

## SKJÁR

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Everybody Loves Raymond**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**15.50 Design Star**
**16.40 Kitchen Nightmares**
**17.30 Dr. Phil**
**18.10 Men at Work** *(9:10)*
**18.35 Parks & Recreation** *(3:22)*
**19.00 Everybody Loves Raymond** *(22:23)*
**19.25 Cheers** *(6:26)*
**19.50 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(6:20)*
**20.20 Gordon Behind Bars** *(2:4)* Í þessum skemmtilegu þáttum bregður Gordon Ramsey sér bak við lás og slá í þeim tilgangi að kenna föngum að elda alvöru mat án þess að það kosti allt of mikið.
**21.10 Unforgettable NÝTT** *(1:13)*
**22.00 Law & Order: UK - LOKAÞÁTTUR** *(6:8)*
**22.50 Leverage** *(16:16)*
**23.35 Málið** *(2:12)*
**00.05 Murdoch**
**00.55 Excused**
**01.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.00** BMW Championship **2013 12**.00 Golfing World **12.50** BMW Championship **2013 16**.50 Ryder Cup Official Film **2006 18**.00 Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour **19.15** BMW Championship **2013 23**.45 Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Hártækjadagar

## ÖLL HÁRSNYRTITÆKI Á 20-50% AFSLÆTTI

**NÝTT KORTATÍMABIL**



SLÉTTUJÁRN | BYLGJUJÁRN
HÁRKLIPPUR | KRULLUJÁRN
NEFHÁRASNYRTAR | BLÁSARAR
HITABURSTAR | RAKVÉLAR | KEILUJÁRN
HITARÚLLUR | HÁRSNYRTAR
OG MARGT FLEIRA

Hártæki frá Babyliss, Remington, Philips og fleirum

byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni

**KVIKMYNDIN**



**„Þær eru reyndar tvær: Harry Potter og Skrímsli ehf. Þær eru í uppáhaldi af því að ég get horft á þær aftur og aftur.“**

Tanja Ýr Ástþórsdóttir, nýkrýnd ungfrú Ísland.

# Allt í köku-systur ritstýra Disney-bók

Systurnar Kristín Eik og Katrín Ösp Gústafsdætur ritstýra nýrri matreiðslubók Disney um skreytingar.

„Þetta var æðislegt,“ segir Kristín Eik Gústafsdóttir, stofnandi verslunarinnar og vefsíðunnar Allt í köku.

Kristín Eik og systir hennar, Katrín Ösp, ritstýrðu nýjustu matreiðslubók Disney, Afmælisveislur, og höfðu þær gaman af.

Í bókinni verður meira um skreytingar en uppskriftir. „Hún Svala sem er að vinna hjá Eddu [bókaforlagi] var að skoða hjá okkur í búðinni. Hún fór að leiða hugann að því hvort það væri grundvöllur fyrir því að gefa út skreytingabók og svo leiddi eitt af öðru,“ segir Kristín Eik um ástæðuna fyrir þátttöku þeirra systra í bókinni.

„Það var sérstaklega skemmtilegt að geta unnið með Disney en það eru strangar reglur í kringum það. Þetta eru karakterar sem allir þekkja og allir geta tengt við.“

Verslunin Allt í köku opnaði í nóvember 2010 og hefur stækkað mikið síðan. Í fyrstu voru 300 vörunúmer í boði en núna eru þau orðin 4.000 talsins. **- fb**



**RITSTÝRA DISNEY-BÓK** Systurnar Kristín Eik og Katrín Ösp Gústafsdætur ritstýra nýjustu Disney-bókinni.

**50.000**

Þær þrjár matreiðslubækur Disney sem hafa komið út hér á landi hafa selst í tæplega fimmtíu þúsund eintökum.




# Íslenskt smáforrit á markað fyrir börnin

Bjarni Einarsson hannaði nýtt app fyrir börnin sem nefnist Ævintýrakistan.

„Ég sagði upp vinnunni minni þrátt fyrir að vera með góð laun og ákvað að gefa mig allan í þetta verkefni. Maður lifir bara einu sinni og annaðhvort eltir maður drauma sína eða gerir bara ekki neitt,“ segir Bjarni Einarsson. Hann hefur nú hannað nýtt smáforrit sem heitir Ævintýrakistan og er sérstaklega ætlað börnum og fjölskyldum þeirra.

Appið samanstendur af myndskreyttum hljóðbókum með Grímsævintýrunum sem bæði henta fyrir android-síma og iPhone. Bjarni segist hafa ákveðið að endurskrifa Grimmsævintýrin eftir að hafa rætt við vini sína sem eiga börn. Í ljós kom að lítið er um íslenskt efni fyrir börn í rafrænu formi, en börn hafa sífellt meiri áhuga á spjaldtölvum. „Það hefur alltaf verið draumur hjá mér að búa til mitt eigið forrit en ekki eingöngu selja annarra manna hugmyndir. Ég fékk því tólf teiknara með mér í sjálfboðavinnu og góð vinkona mín tók að sér að lesa sögurnar inn.“

Sjálfur segist Bjarni hafa flutt til Selfoss og búið í bílskúr til að fjármagna verkefnið. Á daginn kenndi hann crossfit til að geta unnið að þessu launalaust á kvöldin. „Mörg skipti vaknaði ég upp í bílskúrnum á Selfossi og hugsaði: „Hvað varstu að gera drengur, hvernig datt þér þetta í hug?““

Draumurinn varð að veruleika í febrúar þegar sex bækur komu út á íslensku og þrjár á ensku, en stefnan er að búa til meira af fallegu barnaefni í framtíðinni. „Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að þessi rafræni miðill er framtíðin fyrir okkur öll. Þú getur nánast stjórnað heilu heimsveldi úr þessum spjaldtölvum í dag.“

**marinmanda@frettabladid.is**



**FRUMKVÖÐULL** Draumur Bjarna Einarssonar varð að veruleika. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

➜ Grimmsævintýrin eru meðal annars Jói og baunagrasið, Rauðhetta og úlfurinn, Grísirnir þrír, Gullbrá, Kiðlingarnir sjö og Ali Baba og ræningjarnir.

# Kemur degi fyrr til landsins

Grínistinn Jeff Dunham vill eingöngu hollustufæði baksviðs í Laugardalshöllinni.

Bandaríski grínistinn Jeff Dunham kemur fram á tveimur uppistandssýningum í Laugardalshöll á föstudag. Grínistinn kemur til landsins á morgun ásamt fríðu föruneyti. „Yfirleitt mætir hann til þeirra staða sem hann kemur fram á samdægurs, en hann vildi koma hingað fyrr sökum mikils áhuga á landinu,“ útskýrir Ísleifur B. Þórhallsson, markaðsstjóri Senu, en fyrirtækið skipuleggur viðburðinn.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er kröfulisti Dunhams ekki langur en hann fer þó fram á að fæðan baksviðs sé holl og góð. Eiginkona grínistans fylgir honum til landsins en hún starfar sem einkaþjálfari. Dunham hefur öðlaðist frægð á vefsíðunni Youtube og þykir það magnað að maður sem ekki kemur fram í sjónvarpsþáttum sem sýndir eru á Íslandi nái að fylla Laugardalshöllina tvisvar sama kvöld.

„Þetta er sennilega stærsti grínisti í heiminum í dag, hann fyllir hverja tónleikahöllina á fætur annarri, ég man ekki eftir að það hafi orðið svona svakalega uppselt á mínum ferli,“ segir Ísleifur um sýningar Dunhams.

Enn eru til örfáir miðar á aukasýninguna á föstudagskvöld en hægt er að nálgast miða á vefsíðunni midi.is. **- glp**



**SPENNTUR FYRIR ÍSLANDI** Grínistinn Jeff Dunham heldur tvær uppistandssýningar í Laugardalshöllinni á föstudag. NORDICPHOTOS/GETTY


GÆÐAMÁLNING
MÚRBÚÐARVERÐ
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf, það breytist ekki!
GÓÐ ÞVOTTAHELDNI
Deka Pro 4. Veggja- og loftamálning. 10 lítrar
5.795
Bakki, 25 cm rúlla, grind og pensill. - Sett
1.595
Deka Project grunnur. 10 lítrar
5.990
Deka Pro 10 Innimálning. 10 lítrar
6.690
Aqua 25 innimálning á böð 4 lítrar
4.295
Scala málarakýtti
395
Deka Spartl LH. 3lítrar
1.990
LF Veggspartl 0,5 lítrar
795
Deka Meistaralakk 70 Akrýllakk. hvitt. 1 líter
1.895
Deka Meistaragrunnur Hvítur. 1 líter
1.545
DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar
5.995
20m² málningar-yfirbreiðsla
195
Litaspray, Truper&Maston, verð frá
795
Scala Panellakk Glært. 1 líter
1.595
Málningarpappi 20mx80cm
695
25cm Málningar-rúlla og grind
720
Deka Olíugrunnur 1 líter
1.695
Maston Hammer málning 750 ml.
2.195
Maston Hammer málning 250 ml.
895
V-tech epoxy lím
345
V-tech alhliða lím, 7ml.
190
Mako pensill 50mm
225
Deka Olíulakk 30
1.795
Mako málaramotta 1x3 metrar
995
Áltrappa 4 þrep
4.990
Deka menja 1 líter
995
Deka Gólfmálning grá 3 lítrar
4.295
Málningarlímband 25mmx50m
195
Mako bakki og 10 cm rúlla
345
Framlengingarskaft fyrir rúllur Tia-EP 1,2 metrar
325
Hagmans 2 þátta Vatnsþ / epoxy 4kg
11.295
Mako ofnarúlla
325
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvöllum 15. Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-14
Vestmannaeyjar Flötum 29. Opið virka daga kl. 8-18
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Kniplingabrúðkaup ráðherrans

**Ragnheiður Elín Árnadóttir,** iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og eiginmaður hennar, Guðjón Ingi Guðjónsson, áttu brúðkaupsafmæli í fyrradag. Þrátt fyrir mikið annríki gleymdi ráðherrann ekki að fagna með sínum ektamanni. „13 ár í dag með mínum heittelskaða sem gerir víst kniplingabrúðkaup ... hvað sem það nú þýðir. Færði „brúðgumanum“ knippi af rósum í tilefni dagsins,“ skrifaði ráðherrann á fésbókarsíðu sína.



### Óskar eftir blóðgjöf

Norski leikstjórinn **Tommy Wirkola** hefur sent frá sér myndband á Vimeo þar sem hann óskar eftir blóðgjöfum frá aðdáendum sínum. Wirkola er staddur á Íslandi við tökur á kvikmyndinni Dead Snow: Red VS Dead, en hún er framhald hrollvekjunnar Dead Snow sem fjallaði um nasistauppvakninga. Wirkola vill þó ekki raunverulegt blóð aðdáenda sinna heldur einungis peningagjafir fyrir gerviblóði sem hann hyggst nota í lokaatriði myndarinnar. - sm



### Mest lesið VÍSIR

1 Afdrifarík líkamsárás komin fyrir dóm
2 ,,Þessi maður tekur peninga þegar leikmaður fer frá Val“
3 Sjálfstæðismenn ósáttir við leiðtogakjör
4 Segir fingurskannann í iPhone geta verið stórslys
5 Costa Concordia komið á réttan kjöl

ÖLL HÁR SNYRTITÆKI
ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR
byggtogbúið
Kringlunni

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

PAKKAÐU
HÓPNUM SAMAN



Látið **Brighton** bræða ykkur
Brighton er borgin með bryggjurnar sem teygja sig út í hafið, langt frá ys og þys stórborganna. Ekkert stress.
Verð frá: **59.900 kr.**

LÆGRA VERÐ · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW

Glædelig julefrokost i **Køben**
Þegar kemur að julefrokost komast aðrir ekki með tærnar þar sem danir hafa snapsglösin.
Verð frá: **64.700 kr.**





**Berlín** – verslanir, saga og currywurst
Berlín er líflegasta borg sem þú getur nokkurn tímann heimsótt. Hér finna allir eitthvað við sitt hæfi.
Verð frá: **69.900 kr.**

Flug með sköttum og gjöldum, gisting í 3 nætur með morgunverði og 10 kg handfarangur.

HÓPATEYMI WOW GETUR HJÁLPAÐ!

Við getum séð um bókanir á flugi og hóteli, akstur til og frá flugvelli og fararstjórn ef því er að skipta.

Ef þú vilt tilboð í hópferð, sendu okkur póst á **hopar@wow.is** eða bjallaðu í síma **590 3000.**

ÁNÆGÐIR VIÐSKIPTAVINIR

„Við höfum frábæra reynslu af samstarfinu. Ég get mælt heilshugar með skipulagningu WOW-travel.“
– Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri Borgarleikhússins.

„WOW-travel skipulögðu fyrir okkur árshátíðarferð. Brosið fór ekki af starfsfólkinu í tvær vikur.“
– Ottó Geir Haraldsson, Hekla

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> París >> Berlínar >> í allan vetur

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | hopar@wow.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2467